







Magnús, er bjart yfir ykkur?

„Já, við erum mjög vel upplýst.“

Magnús Ólafsson húsgagnasmíðameistari hefur hafið framleiðslu á loftljósinu DEMO ásamt Dagnýju Elsu Einarssdóttur húsgagnasmíðanema. Smíði ljósanna, sem fást í Epal, byggir á tækni frá sjöunda áratugnum.



RÁN Einn er í haldi vegna ráns í úraverlun Michelsen en þrjár ganga lausir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þjófar handteknir í Póllandi: Ekki samningur um framsal

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sem grunaðir eru um rán í úrabúð Michelsen á Laugaveginum voru handteknir í smábæ í Póllandi í síðustu viku, tveimur dögum eftir að Interpol lýsti eftir þeim. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Mönnum var sleppt aftur þar sem framsalssamningur er ekki í gildi milli Íslands og Póllands, og pólskum stjórnvöldum því óheimilt að framselja eigin ríkisborgara til íslenskra stjórnvalda. Mennirnir verða því aðeins handteknir fari þeir til landa sem hafa gert framsalssamning við Ísland.

- bj

DÓMSMÁL

Tekinn réttindalaus

Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir að aka tvívegis réttindalaus og framvísa ökuskríteini annars manns þegar lögregla hafði afskipti af honum. Í síðara skiptið var maðurinn ekki með skráningarnúmer á bílnum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í bíl í Vættaborgum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu um eld í bíl í Vættaborgum um miðeytið í gærkvöldi. Talið er að um íkveikju hafi verið að ræða.

Mál grindvíks rasista sem réðst á fyrrverandi kennara sinn er á lokastigi:

Bíða DNA-rannsóknar á hnúajárni

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á máli manns sem réðst á fyrrverandi kennara sinn í Grindavík í júlí er á lokastigi hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Einungis er beðið eftir niðurstöðum DNA-rannsóknar á lífsýnum sem fundust á hnúajárni sem maðurinn er talinn hafa beitt við árásina.

Aðdragandi árásarinnar var æði sérstakur. Kennarinn fyrrverandi, sem nú er um sextugt, tjáði sig um fjöldamorð Norðmannsins Anders Breivik á Facebook-síðu sinni. Gamall nemandi hans úr grunnskóla, nú á fertugsaldri, lagði orð

í belg, lýsti sig hlynntan aðgerðum Breiviks og kvaðst vera bæði rasisti og nasisti. Deilur manna stigmögnuðust þar til sá síðarnefndi hótaði þeim eldri og fjölskyldu hans lífláti.

Að kvöldi sama dags bankaði rasistinn upp á hjá fyrrverandi kennara sínum og gekk í skrokk á honum. Hann veitti honum höfuðáverka, sem þó voru ekki alvarlegri en svo að boð lögreglu um að kalla til sjúkrahúsi var afþakkað og leitaði maðurinn sér sjálfur aðhlynnningar á sjúkrahúsi daginn eftir.

Að sögn Jóhannesar Jenssonar er



**HNÚAJÁRN** Maðurinn er talinn hafa notað hnúajárn til að berja á fyrrverandi kennara sínum. Þau eru nú í DNA-rannsókn.

málið þó rannsakað sem sérstaklega hættuleg líkamsárás, enda talið að vopni hafi verið beitt við atlöguna.

- sh

Saka Cain um kynferðisbrot:

Fjórar ásakanir á einni viku

**BANDARÍKIN** Fjórdá konan hefur stigið fram og sakað frambjóðanda Rebúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, Herman Cain, um kynferðislega áreitni. BBC greinir frá þessu.

Konan, Sharon Bialek, segir Cain hafa káfað á sér innanklæða og ýtt höfði hennar að klofi sínu þegar hún bað hann um aðstoð við vinnuleit á tíunda áratugi síðustu aldar. Líkt og áður sagði er hún fjórða konan á einni viku sem sakar Cain um áreitni. Hann neitar öllum ásökunum.

- sv

Rengja frásagnir af kynferðisofbeldi

Systkini og móðir Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur segja frásögn hennar ósanna og byggja á fölskum minningum. Bróðir hennar sagði í Kastljósi ekkert ofbeldi hafa átt sér stað á heimili þeirra. Móðir hennar hefur þó sjálf ekki lesið bókina.

**FÓLK** Fjölskylda Ólafs Skúlasonar og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, gerir alvarlegar athugasemdir við frásagnir í nýttkominni bók hennar og viðtölum við fjölmiðla.

Systkini og móðir Guðrúnar Ebbu, þau Ebba Sigurðardóttir, Sigríður Ólafsdóttir og séra Skúli S. Ólafsson, segja hana ekki segja satt frá í lýsingu hennar á heimilislífi þeirra og þar sé einfaldlega farið með rangt mál. Þau hafi aldrei orðið vör við Ólafur Skúlason hafi beitt dóttur sína því ofbeldi sem hún lýsir í bók sinni og upplifun hennar sé byggð á fölskum minningum.



SKÚLI ÓLAFSSON

„Lýsing hennar á heimilislífi okkar er röng. Heimilið okkar einkenndist ekki af kúgun af hálfu föður okkar og eiginmanns Ólafs Skúlasonar.“ segja þau í yfirlýsingu sem send var fjölmiðlum í gær. „Mál þetta hefur verið okkur og fjölskyldu okkar afar þungbært. Fram til þessa höfum við haldið okkur til hlés í þessari umræðu í þeirri von að henni myndi linna fyrr en síðar. Nú er svo komið að við getum ekki lengur orða bundist. Við vorum við einhliða málflutningi og þöggum í þessu viðkvæma máli.“

Ebba Sigurðardóttir, móðir Guðrúnar Ebbu, vildi ekki tjá sig frekar um málið við Fréttablaðið og hafði engu að bæta við yfirlýsingu sína og barnanna. Aðspurð hvort hún hafi lesið bók dóttur sinnar segir hún:



**BISKUPSHJÓNIN** Ebba Sigurðardóttir, eiginkona Ólafs Skúlasonar, segir dóttur sína fara með rangt mál þegar hún ásakar föður sinn um ítrekað kynferðisofbeldi.

Lýsing hennar á heimilislífi okkar er röng. Heimilið okkar einkenndist ekki af kúgun af hálfu föður okkar og eiginmanns Ólafs Skúlasonar.

SYSTKINI OG MÓÐIR GUÐRÚNAR EBBU ÓLAFSDÓTTUR

„Nei, ég hef ekki lesið hana alla. Ég er búin að fletta aðeins í gegn um hana, en hef samt sem áður heyrt hvað stendur í henni.“

Skúli Ólafsson, sóknarprestur í Keflavíkurstakalli, sagði í viðtali í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi, að systir hans drægi upp dökka mynd af því ástandi sem ríkti á heimilinu og það kæmi

engan veginn heim og saman við hans minningar. Hann sagði heimili þeirra hafa verið hefðbundið, þar hafi vissulega komið upp átök eins og gengur, en faðir þeirra hafi ekki haft þau tók á fjölskyldunni eins og Guðrún Ebba hefur sagt. Fólk hafi svarað fyrir sig og andrúmsloftið hafi verið friðsælt og gott.

Þá vitnaði Skúli í rannsóknir Gísla Guðjónssonar réttarsálfræðings á hugtakinu fölskum minningum, en hann segir frásögn Guðrúnar Ebbu byggja á þeim. Hann nefnir þar sem dæmi að það einkasalerni sem faðir þeirra átti að hafa misnotað systur hans, hafi einungis verið gestasalerni. Siendurtekna misnotkun í fjölda ára hefði verið erfitt að fela.

EKKI NÁÐIST Í Guðrúnu Ebbu í gærkvöldi. sunna@frettabladid.is

Tveir kynferðisbrotamenn:

Réðust á unga konu í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega tvítug kona í Vestmannaeyjum hefur kært tvo menn til lögreglu fyrir að hafa ráðist á sig á sunnudagsmorguninn síðastliðinn og áreitit kynferðislega. Mönnunum er gefið að sök að hafa ráðist á konuna og rífið af henni sokkabuxurnar, en hún komst undan þeim.

Lögreglan í Vestmannaeyjum leitar nú manna, en konan gat gefið á þeim greinargóða lýsingu. Þeir eru á þrítugsaldri og um 180 sentimetrar á hæð. Annar er með stutt rakað hár og var klæddur hettupeysu, en hinn var í skyrtu. Konan telur að þeir hafi verið af erlendum uppruna. Atvikið átti sér stað á Hásteinsvegi í Vestmannaeyjum milli klukkan 5 og 6 um morguninn.

- sv

Úrskurður Samkeppniseftirlits:

Sektar Langasjó um 80 milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið lagði í gær 80 milljóna króna stjórnvaldssekt á Langasjó ehf. vegna samkeppnisbrots. Telur eftirlitið að dótturfélög Langasjós, Matfugl og Síld og fiskur, hafi haft samráð við Haga hf. um útsöluverð kjötvara í Bónus.

Í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu segir að gögn sem eftirlitið hafi undir höndum sýni að annars vegar Síld og fiskur og Matfugl og hins vegar Bónus hafi haft nána samvinnu um smásöluverð í Bónus og afslátt frá því. Hafi brotin verið til þess fallin að valda neytendum skaða.

Í fréttatilkynningu frá Langasjó segir að fyrirtækið telji úrskurðinn ekki á rökum reistan. Honum hafi því verið áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

- mþl

Rannsóknir rússnesks sagnfræðings á kirkjugörðum virðast hafa gengið of langt:

Gróf upp lík og klæddi í kjóla

**RÚSSLAND** Lögregluþyriföld í Rússlandi hafa handtekið mann eftir að jarðneskar leifar 27 ungra kvenna fundust í íbúð hans. Maðurinn er grunaður um að hafa grafið lík kvennanna upp víðs vegar um Rússland, en flestar í borginni Nizhny Novgorod þar sem hann býr.

Sá handtekni heitir Anatoly Moskvina, 45 ára gamall sagnfræðingur, og er lýst sem bráðgáfudum furðufugli. Hann hefur um árabil unnið að því að skrifa bók um rússneska kirkjugarða sem hugsuð er sem leiðarvísir fyrir áhugamenn um kirkjugarða og greftrunarsíði þar í landi, að því er BBC greinir frá. Mun maðurinn hafa rannsakað 750 kirkjugarða á nokkurra ára tímabili.

Sveit innan lögreglunnar hefur rannsakað málið eftir að tilkynningar um horfin lík tóku að berast í tugavís. Grafarræninginn er sagður hafa haft 27 lík af ungum konum í íbúð sinni sem hann klæddi í kjóla eða klæddi upp sem leikfangabangsa. Upp um hann komst þegar foreldrar hans komu í óvænta heimsókn. Nágrennar Moskvina segja hegðun hans hafa verið undarlega; svaf hann oft á garðbekkjum kirkjugarða eða í líkkistu heima hjá sér, að því er vefmiðillinn Mail Online greinir frá.



**ÍBÚÐ MOSKVINA** Aðkoman heima hjá sagnfræðingnum forvitna var skelfileg. Hér er mynd af einu líkana eins og það fannst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**NÝTT!**  
Nicotinell Tropical Fruit

**15% AFSLATTUR**

Gildir út nóvember

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

**Lyfjaval** BÍLAAPÓTEK Hæðarsmára Mjódd • Álftamýri

**APÓTEK** Lyfjaval.is • sími 577 1160





# Chevrolet á 100 ára afmæli ...þú færð tilboðspakkana

Afmælið heldur áfram - Nýttu þér afmælistilboðin okkar!



**AVEO - FRUMSÝNING**



**ORLANDO - FRUMSÝNING**



**CRUZE 5 dyra - FRUMSÝNING**



## Gæðin eiga afmæli - Chevrolet er 100 ára!

Við hjá Bílabúð Benna erum í hátíðarskapi við þessi tímamót og bjóðum þér að njóta þeirra með okkur. Komdu í sýningarsal Chevrolet að Tangarhöfða 8 og upplifðu nýja tíma - nýja öld.

## Í tilefni 100 ára afmælisins

Sölumenn okkar bjóða tilboðspakka með öllum nýjum Chevrolet

## Frumssýnum þrjá nýja Chevrolet

AVEO, ORLANDO og CRUZE 5 dyra





## GENGIÐ 07.11.2011

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	114,81	115,35
Sterlingspund	183,68	184,58
Evra	157,42	158,30
Dönsk króna	21,147	21,271
Norsk króna	20,332	20,452
Sænsk króna	17,292	17,394
Japanskt jen	1,4694	1,4780

SDR 180,46 181,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
212,8619

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir Arion banka í hag í máli gegn IceCapital:  
Arion á heimtingu á milljörðum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær félagið IceCapital ehf. til að greiða Arion banka jafngildi rétt tæpra fimm milljarða króna auk dráttarvaxta af tæpum þriðjungi upphæðarinnar sem reiknast frá 15. október 2008 til greiðsludags.

Arion banki höfðaði mál á hendur IceCapital þegar þriggja milljarða króna lán sem félagið tók hjá Kaupþingi árið 2006 var enn ógreitt í lok árs 2009. Samkvæmt lánaskilmálum átti að greiða það til baka í einni greiðslu í október árið 2008.

Lánið var veitt að helmingi í íslenskum krónum og að helmingi í fimm erlendum myntum.

IceCapital bar því við lánið hefði verið gengistryggt og vísaði til dóma Hæstaréttar um ólögmæti slíkra lána. Á það féllst dómurinn hins vegar ekki þar sem erlendir helmingur lánsins var greiddur út í erlendum myntum en ekki í gengistrygðum krónum.

IceCapital, sem áður hét Sund ehf., er í eigu systkinanna Jóns Kristjánssonar og Gabrielu Kristjánsdóttur og móður þeirra Gunnþórunnar Jónsdóttur. Félagið átti

fyrir hrun meðal annars 12 prósentu hlut í VBS Fjárfestingarbanka og 5,81 prósentu hlut í Byr.

Félagið tapaði rúmum 39 milljörðum króna á árunum 2008 og 2009 og var eigið fé þess í loks árs 2009 neikvætt um tæpa 25 milljarða. Félagið er því ógjaldfært.

Í síðasta mánuði staðfesti Hæstiréttur annan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að IceCapital þyrfti að greiða Arion banka til baka þriggja milljarða króna lán sem félagið tók hjá Kaupþingi árið 2006 en greiddi ekki til baka.

- mpi



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR IceCapital greiddi ekki til baka þriggja milljarða króna lán sem félagið tók hjá Kaupþingi árið 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherra um aðild að ESB:  
Ekki verði flutt inn hrátt kjöt

**STJÓRNMÁL** Það hlýtur að verða algert skilyrði við hugsanlega inngöngu Íslands í Evrópusambandið að takmarkanir verði settar við innflutning á lifandi dýrum og hráu kjöti til Íslands.



JÓN BJARNASON

Þetta sagði Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á opnum fundi atvinnuvegafundar og utanríkisráðgjafar á Alþingi í gær. „Fyrir mér er þetta hluti af okkar fæðuöryggi og hluti af því að við stöndum vörð um okkar viðkvæma búfé,“ sagði Jón, en tók fram að hann byggist við því að aðildarsamning yrði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Eins og ég held að við gerum flestöll ráð fyrir,“ bætti hann við.

- jhh

Dr. Conrad Murray dæmdur:  
Varð Michael Jackson að bana

**BANDARÍKIN, AP** Kvíddómur í Los Angeles í Bandaríkjunum komst í gær að þeirri niðurstöðu að Conrad Murray, lækni poppstjórnum Michael Jackson, hefði orðið Jackson að bana 25. júní 2009. Murray var fundinn sekur um manndráp af gáleysi, en dómur verður kveðinn upp 29. nóvember.

Í réttarhöldunum yfir Murray hélt ákærvaldið því fram að hann hefði verið kærulaus í störfum sínum fyrir Jackson og gefið honum banvænan skammt af öflugu svefnyli.

Allt af fjögurra ára fangelsisvist bíður nú Murray sem gæti einnig misst læknaeyfi sitt.

- mpi

Grikkir kynna nýjan  
forsætisráðherra í dag

Tilkynnt verður um forsætisráðherra nýrrar þjóðstjórnar á Grikklandi í dag. Nýja stjórnin fær þrjá mánuði til að tryggja framkvæmd aðhaldsaðgerða og nauðsynlegs björgunarpakka frá ESB. Kosningar verða haldnar 19. febrúar.

**GRIKKLAND, AP** Tilkynnt verður um nýjan forsætisráðherra Grikklands í dag. Samkvæmt grískum fjölmiðlum komust Georg Papandreú, fráfarandi forsætisráðherra og leiðtogi vinstri flokksins Pasok, og Antonis Samaras, leiðtogi hægri flokksins Nýtt lýðræði, að samkomulagi um forsætisráðherra í samsteypustjórn flokkanna í gærkvöldi.

Talið er líklegast að Lúkas Papademos, fyrrverandi aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Evrópu, sem á sínum tíma hafði umsjón með upptöku evrunnar í Grikklandi, hafi orðið fyrir valinu. Einnig þóttu þó koma til greina hægriáhrif Stavros Dimas, fyrrverandi umhverfisstjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, og Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra í stjórn Papandreús.

Papandreú og Samaras ræddust lengi við á símafundi í gær, daginn eftir að þeir náðu samkomulagi um að stjórnarsamstarf. Nýja þjóðstjórnin verður bráðabirgðastjórn. Eftir verður til þingkosninga þann 19. febrúar, en þangað til fær stjórnin það verkefni að tryggja samkomulag á þingi um björgunarpakka Evrópusambandsins og þær aðhaldsaðgerðir innanlands sem honum tilheyra.

Víða má þó enn heyra efasemd-ir um að stjórninni muni takast að hrinda aðhaldsaðgerðunum í framkvæmd, en í staðinn ætla stærstu bankar Evrópu að fella niður helminginn af skuldum gríska ríkisins, auk þess sem bein fjárhagsaðstoð frá ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðunum verður stórukin.



**STÍFT FUNDAD** Georg Papandreú forsætisráðherra og Antonis Samaras, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, hafa fundað stíft í forsetahöllinni í Aþenu ásamt Karolos Papúlías forseta síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Fjármálaráðherrar vildu róa markaði

Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins hittust í Brussel í gær, til að bera saman bækur sínar og leita leiða til að róa markaði. Ekki var tekin nein ákvörðun á þeim fundi um næstu útborgun fjárhagsaðstoðar til Grikklands, sem á að nema átta milljörðum evra samtals frá ESB og AGS. Hins vegar báðu fjármálaráðherrarnir um skriflega yfirlýsingu frá Papandreú og Samaras þar sem stuðningur þeirra við björgunarpakkann og aðhaldsaðgerðirnar væri ítrekaður.

Almenningur er orðinn langþreyttur á aðhaldsaðgerðum, sem bitnað hafa illa á fólk í nærri tvö ár. Mótumli almenningu gegn þeim gætu orðið enn harðari nú þegar hægri flokkurinn er kominn til liðs við stjórnina, sami flokkur og safnaði þeim skuldum sem ríkið ræður ekki lengur við að greiða afborganir af.

Samaras og flokkur hans gætu

sömuleiðis reynt að ná því fram í stjórnarsamstarfinu að dregið verði úr þessum aðhaldsaðgerðum, í samræmi við stanslausu gagnrýni flokksins á Papandreú mánuðum saman.

Í staðinn gæti svo farið að aðstoð ESB og AGS verði í uppnámi, og þar með stæði Grikkland ansi tæpt á evrusvæðinu.

gudsteinn@frettabladid.is

Með kókaín úti um allt:  
Fjórmenningar settir í farbann

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn sem handteknir voru eftir að 375 grömm af kókaíni fundust í fórum þeirra í sumarbústað í Árnassýslu í lok október eru lausir úr haldi. Þeir sættu varðhaldi í eina viku en ósk um framlengingu þess yfir einum manna var hafnað um helgina. Þeim var því öllum sleppt en úrskurðaðir í farbann.

Í sumarbústaðnum fannst kókaín á víð og dreif, á matar-diskum, í skaftpotti á gólfinu og í glerkrukkum, auk þess sem 370 grömm af óþekktu hvítu efni fannst í dunkli merktum kreatíni. Fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir mönnum frá því í októberlok að lögregla leiti fimmta mannsins. Allir eru mennirnir frá Litháen.

- sh

Rekstur Ryanair gengur vel:  
Hagnaður jókst um fjórðung

**BRETLAND** Hagnaður lággjaldaflugfélagsins Ryanair jókst um 23 prósent á milli ára, sé litið á annan ársfjórðung þess árs. Hagnaðurinn fór úr 398 milljónum evra, sem samsvarar 63 milljörðum króna, í 463 milljónir evra, eða 73 milljarða króna, eftir skatt.

Þá hafa rekstraráætlanir félagsins gert ráð fyrir betri afkomu en áður, eins og greint er frá á fréttavef BBC. Rekstur félagsins hefur gengið vel á síðustu árum þrátt fyrir efnahagsþrengingar í heiminum, en fólk virðist nýta sér lággjaldaflugfélög í ríkara mæli en áður.

Forsvarsmenn félagsins segjast stefna að því að tvöfalda umfang rekstrarsins á næsta áratug.

- sv

★ ★ ★ ★ ★ **Rolling Stone** ★ ★ ★ ★ ★

# 250 bestu plötur sögunnar

Í Skifunni færðu bestu plötur sögunnar samkvæmt Rolling Stones.

Adeins Skifunni

1.499 999 1.499 1.499 1.499 1.999 1.999 1.499 1.499 1.999

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44  
591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

S · K · I · F · A · N

## VEÐURSPÁ

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

**SKÚRIR SYÐRA**  
Næstu daga verður fremur hæg suðaustanátt ríkjandi með skúrum einkum sunnan til en þurrast mestu norðanlands. Nokkuð milt í veðri áfram.

Á MORGUN 3-8 m/s,  
FIMMTUDAGUR Víða 5-10 m/s en 8-15 síðdegis.

**HEIMURINN**

Alicante	20°
Basel	14°
Berlín	12°
Billund	10°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	23°
London	12°
Mallorca	21°
New York	17°
Orlando	25°
Ósló	6°
París	13°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.





TOYOTA

# Nýr Yaris.

Hannaður með framtíðina í huga.



Nýr Yaris er leiðandi bíll. Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota **Touch & Go**, **bakkmyndavél**, **sjö loftpúðum** og eldsneytisnýtingu frá **3.91 á 100 km** auðveldar þér vegferðina.

Erum á **Facebook - Toyota á Íslandi**



**Toyota Kópavogi**  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogi  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Búnaðurinn í bílnum í þessari auglýsingu getur í einhverjum tilvikum verið frábrugðinn því sem í boði er hér á landi.

**Today  
Tomorrow  
Toyota**



**KJÖRKASSINN**

Er réttlætlanlegt að sekta þá sem henda rusli á almannaferji?

Já **92,1%**  
Nei **7,9%**

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Vilt þú að komið verði á snjóframleiðsluferfi á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

Segðu þína skoðun á Vísu.is



## Utánríkisráðherra skipar samráðshóp um aðildarviðræður Íslendinga: Stuðlar að málefnalegri ESB-umræðu

**EVROPUMÁL** Össur Skarphéðinson hefur skipað samráðshóp í tengslum við samningaviðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Hópurinn mun funda reglulega með samningamönnum Íslands um stöðuna í viðræðunum og framgang þeirra og eitt meginhlutverk hans verður að miðla upplýsingum til landsmanna og stuðla að málefnalegri umræðu um hagsmuni þjóðarinnar og möguleg áhrif aðildar Íslands að sambandinu.

Salvör Nordal, forstöðumaður



SALVÖR NORDAL

GUÐNI TH. JÓHANNESSON

Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, hefur verið skipaður formaður hópsins. Varaformenn eru Guðni Th. Jóhannesson sagn-

fræðingur og Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í tilkynningu frá utánríkisráðuneytinu segir að ráðherra muni á næstunni skipa tuttugu fulltrúa til viðbótar í samráðshópinn. „Við val á þeim verður sérstök áhersla lögð á kynjajafnvægi, jafnvægi á milli landshluta, höfuðborgarsvæðis og dreifbýlis, sem og á andstæð sjónarmið í Evrópumálunum.“ Þá geti hópurinn kallað til frekara samráðs einstaklinga og fulltrúa stjórnmalaflokka og ýmissa samtaka.

- sh

## Danskur faðir dæmdur: Leyfði nauðgun á dóttur sinni

**DANMÖRK** Maður á fimmtugsaldri var dæmdur til fangelsisvistar í Vejle í Danmörku í gær fyrir að selja átta ára dóttur sína í kynlífsþrælkun. Þrjár aðrir karlmenn voru dæmdir í sama máli.

Á fréttavef Berlinske Tidende kemur fram að mennirnir hafi ýmist greitt föðurnum með fíkniefnum eða peningum fyrir kynlíf með dóttur hans. Maðurinn var dæmdur í rúmlega þriggja ára fangelsi. Hann var einnig ákærður fyrir að selja eldri dóttur sína sem er 15 ára, en var sýknaður.

- sv



**SAMGÖNGUR** Kanna á ferðavenjur þeirra sem sækja Landspítalinn heim á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Landspítalinn gerir könnun: Ferðavenjur gesta kannaðar

**HEILBRIGÐISMÁL** Ferðavenjur viðskiptavina og gesta Landspítalans verða kannaðar næstu daga. Fram kemur í tilkynningu að könnunin sé liður í undirbúningi vegna byggingar nýs Landspítala, en ferðavenjur starfsfólks hafa verið kannaðar.

Könnunin hefst í dag og stendur fram á mánudag í næstu viku. Tveir spyrjar verða við aðalinnnganga spítalans, í Fossvogi og við Hringbraut, og eru gestir beðnir um að gefa sér tíma og svara spurningum. Könnunin er unnin í samstarfi við Háskóla Íslands og Maskínuna ehf.

- sv

**ALÞINGI**

**Tekur á móti athugasemdum** Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis gefur almenningi kost á að senda athugasemdir við skýrslu forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá og við frumvarp um meðferð tillagna stjórnlagaráðs sem nefndin hefur nú til umfjöllunar.

**LÖGREGLUFRETTIR****Hundur skemmdi úlpu**

Hundur beit konu á miðjum aldri í handlegginn þegar hún var á göngu í íbúðahverfi í Hafnarfirði á föstudag. Konan hlaut óveruleg meiðsl en úlpa hennar skemmdist hins vegar. Eigandi hundsins féllst á að borga konunni skaðbætur vegna úlpunnar og skildu báðir aðilar sáttir að því loknu.

# Kvartað yfir verndun og nýtingu á náttúru

Tuttugu og fimm umsagnir eru komnar inn um rammaáætlun. Ýmist kvartað vegna of mikillar verndunar eða nýtingar. Náttúruverndarsamtök ekki búin að senda inn umsögn en frestur rennur út á föstudag. Deilt er um Gjástykki.

**FRÉTTASKÝRING**

Hvar stendur rammaáætlun?


Drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða liggja nú til umsagnar og eru þegar komnar inn 25 umsagnir um tillöguna. Drögin eru hluti af rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og að umsagnarferli loknu verður tillagan unnin nánar og síðan lögð fyrir Alþingi. Þar biður þingmanna að taka endanlega afstöðu til þess á hvaða svæðum verður leyft að virkja, hver verða vernduð og hvaða svæði fara í biðflokk.

Langt ferli liggur að baki tillögunni og því er fráleitt lokið. Umsagnarfrestur rennur út á föstudaginn og ljóst er að fleiri umsagnir eiga eftir að koma inn. Engin náttúruverndarsamtök hafa til að mynda sent inn umsögn en ljóst er að mörg hver hyggja á það.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að þar á bæ sé unnið að umsögn. Hann segir ferlið opið og gott og taki að mörgu leyti mið af því sem þekktist í nágrannalöndunum.

Margir hafa gagnrýnt þann tíma sem farið hefur í vinnuna, en Árni segir slíka gagnrýni ekki skila miklu. „Við erum kominn á þennan stað með þessa vinnu, með skýrslu í umsagnarferli. Í sjálfu sér er tilgangslítið að gagnrýna það svo mikið. Meginatriðið er að ná niðurstöðu sem er ásættanleg.“

Meðal innkominna umsagna má nefna sjö frá einstaklingum og tíu frá bæjarfélögum. Þá hafa Rarik, Samorka og Fallorka sent



**ÞJÓRSÁRVER** Verði drögin samþykkt óbreytt verða Þjórsárver gerð að gríðlandi. Það þýðir að ekki verður af Norðlingaölduveitu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ummæli úr umsögnum**

„Ef þingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða verður samþykkt óbreytt á Alþingi kemur upp sú einstaka staða að allir orkuöflunarkostir sem RARIK og dótturfélög þess hafa verið að skoða lenda í biðflokki eða verndarflokki.“

- Úr umsögn RARIK

„Hvergerðingar og aðrir fylgjendur skilyrðislausrar verndunar Bitru, Reykjadal og Grændals fagna tillögu til þingsályktunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða sem gerir ráð fyrir verndun á umræddu svæði.“

- Úr umsögn bæjarráði Hveragerðis

inn umsagnir, auk Orkusölnunnar. Af umsögnum má sjá að um mála-miðlun er að ræða. Ýmist er kvartað yfir því að svæði falli í verndar- eða nýtingarflokk og einstaka sinnum að þau séu færð úr öðrum hvorum flokknum í biðflokk.

Gjástykki virðist vera umdeilt svæði, en það fellur undir verndarflokk samkvæmt tillögunni. Bent er á að samkvæmt gildandi svæðis-

skipulagi, staðfestu af umhverfisráðherra, sé gert ráð því að nýta allt að 45 megavött á svæðinu.

Árni segir mesta akkinn í drögunum að fá færi á að vernda ósnortin svæði. Í þeim felist verðmæti, enda séu ekki mörg slík eftir í Evrópu. Þá segir hann fagnaðarefni að ekki verði af Norðlingaölduveitu, en samkvæmt drögunum verða Þjórsárver friðland.

kolbeinn@frettabladid.is

## 160 milljóna skuld fyrir dóm: Milestone í mál við Makedóna

**DÓMSMÁL** Protabú Milestone reynir nú að innheimta skuld upp á eina milljón evra, jafnvirði um 160 milljóna króna, af makedónskum kaupsýslumanni, sem var viðskiptafélagi Wernersbræðranna Karls og Steingríms fyrir bankahrun. Málflytningur um skuldina fór fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í viðskiptum með makedónsku lyfsölukeðjuna Zegin árið 2006 myndaðist krafa á manninn, Blagoj Mehandziski, sem einnig er stór hluthafi í keðjunni. Málareksturinn nú snýst einkum um það hvar rétt sé að höfða málið, á Íslandi, í Makedóníu eða Austurríki, eins og sagði í gerðardómsákvæði í upphaflegum samningum.

- sh

Beðið skýrslu um Íran:

## Lavrov segir árás mistök

**ÍRAN** Sergei Lavrov, utánríkisráðherra Rússlands, segir að það væru alvarleg mistök, sem gætu haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar, að gera árás á Íran.

Ísraelar hafa hótad því að gera loftárásir á Íran til að eyðileggja kjarnorkubúnað þeirra og koma þannig í veg fyrir að Íranar geti komið sér upp kjarnorkuvopnum. Bandaríkstjórn hefur sömuleiðis haft í hótunum við Íran vegna kjarnorkunnar.

Nú í vikunni er væntanleg skýrsla frá Alþjóðlegu kjarnorkustofnuninni, þar sem talið er að fram komi ítarlegar upplýsingar um að Íranar séu í raun að búa sig undir að kjarnorkuvopnavæðast.

- gb



SERGEI LAVROV

**4 VIKNA NÁMSKEIÐ**

- 2 TÍMAR Í VIKU
- MIKIL FITUBRENNSLA
- 45 MÍN DANSTÍMAR
- AUÐVELD DANSSPOR SEM ALLIR GETA FYLGT.
- FYRIR ALLAN ALDUR
- AÐGANGUR AÐ TÆKJASAL, ÖLLUM OPNUM TÍMUM OG HEILSULIND.

Þjálfarar: Þórdís Ósk og Bjargey

Fimmtud. kl.18:20 og laugard. kl.12:15

Aðeins kr. **14.900**

Námskeiðið hefst 17. nóv.

**TAKMARKAÐUR FJÖLDI Í TÍMA!**  
**TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS OG BÓKAÐU NÚNA!**

Suðurlandsbraut 2 - 108 Reykjavík  
Sími: 444 - 5090  
nordicaspa.is



Nordica  
Spa&Gym

NÝJASTA DANSÆÐIÐ FRÁ LES MILLS!

**SH'BAM**

**COME AS YOU ARE  
LEAVE AS A STAR**

**LES MILLS**  
FOR A FITTER PLANET

SKOÐAÐU FLEIRI  
SPENNANDI  
NÁMSKEIÐ Á  
NORDICSPA.IS



Því tíminn flýgur

ICELANDAIR  
CARGO 

## FYRIR EYJU Í MIÐJU ATLANTSHAFINU ER ÖFLUGT LEIÐAKERFI EINFALDLEGA SPURNING UM LÍFSGÆÐI OG VERÐMÆTI.

Við erum alltaf í kapphlaupi við tímann og viljum að fjárfestingar skili sem mestum arði. Leiðakerfi Icelandair Cargo er byggt upp til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Þess vegna fljúgum við til svo margra áfangastaða.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo með vörur til og frá Íslandi.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða hluti úr John Lennon var seldur dýrum dómum á dögnum?
2. Hvað heitir flutningaskipið sem dregið var til hafnar í Fáskrúðs-firði?
3. Hver er fyrirlíði danska handknattleikslíðsins AG?

SVÖR:

1. Jaxl, 2. Alma, 3. Arnór Atlason.

8

Kærunefnd jafnréttismála tekur ekki afstöðu til kæru vegna launamunarátaks VR:

## Máli Hagkaupsstarfsmanns vísað frá

**JAFNRÉTTISMÁL** Kærunefnd jafnréttismála hefur vísað frá máli tvítugs starfsmanns Hagkaups á Akureyri sem kærði stéttarfélagið VR og fjölda verslana fyrir átak gegn kynbundnum launum.

Átakið snerist um að VR hvatti fyrirtæki til að veita konum tíu prósentu afslátt af vörum og þjónustu í eina viku, til að veita upp á móti kynbundnum launum, sem einnig mælist um tíu prósent.

Meðal þeirra fyrirtækja sem brugðust við áskoruninni var Hagkaup.

Starfsmaðurinn var ósáttur við þessa viðskiptahætti og taldi að með þeim væri brotið gegn lögum um jafnan rétt kvenna og karla, enda væri ólöglegt að mismuna viðskiptavinum eftir kyni.

Í niðurstöðu kærunefndarinnar er ekki tekin efnisleg afstaða til málsins, heldur því vísað frá með þeim rökum að maðurinn eigi ekki einstaklingsbundna og lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins.

Í nefndinni eiga sæti hæstaréttarlögmenningar Erla S. Árnadóttir, Björn L. Bergsson og Þórey S. Þórðardóttir.



**ÓLÍKT VERÐ** Karlar og konur greiðdu ekki það sama fyrir svona lambalæri í eina viku í september.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veigar bannaðar fyrir austan:

## Síldarkvótinn 45 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur ákveðið í framhaldi af ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar að auka kvóta í íslenskrumargotssíld um 40 þúsund tonn. Fyrr á þessu hausti var úthlutað fimm þúsund tonnum.

Rannsóknir Hafró við Suður- og Suðausturland sýna að síld þar er minna sýkt en síld við Vesturland og fullorðin síld er blönduð smásíld. Í ljósi þessa er ákveðið að til bráðabirgða verði veiði takmörkuð við Faxaflóa og Breiðafjörð.

- shá

## Evrópskir kvenlögfræðingar: Herdís endurkjörin forseti

**FÓLK** Herdís Þorgeirsdóttir var endurkjörin forseti Evrópusamtaka kvenlögfræðinga á aðalfundi samtakanna í Berlín í síðustu viku.



**HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR** Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Herdís hefur gegnt formennsku í samtökunum síðan 2009.

Að þessu sinni var fundað í Mannréttindastofnun Þýskalands, en henni veitir forstöðu fyrrverandi varaforsætis samtakanna, Beate Rudolph lagaprófessor.

- sh

Sveitarfélög bregða víða fæti fyrir rjúpnaveiðimenn:

## Loka á veiðimennina

**VEIÐI** Gremju gætir nú meðal rjúpnaveiðimanna vegna takmarkana sem ýmis sveitarfélög hafa sett á veiðimennskuna á þessu tímabili.

Menn sem hugðust ganga til rjúpna um síðustu helgi í nágrenni Hólmavíkur fréttu til dæmis á síðustu stundu að veiðilendurnar hefðu skroppið verulega saman eftir að sveitarstjórnin samþykkti á fimmtudag í síðustu viku að banna veiðar í landi sveitarfélagsins.

Í Langanesbyggð hefur öllum heiðarvegum verið lokað tímabundið. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu sveitarfélagsins er það gert til þess að rjúpnaveiðimenn aki ekki inn á vegina sem eru í viðkvæmu ásigkomulagi vegna aurbleytu. Skotveiðifélag Íslands, Skotvís, hefur gagnrýnt aðgerðir sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem ákvað að selja veiðimönnum

aðgang að afréttum „enn eitt árið“ eins og segir í yfirlýsingu félagsins.

Skotvís vitnar í lagabókstafinn þar sem segir að allir íslenskir ríkisborgarar og erlendir menn með lögheimili hérlendis megi veiða í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla þar sem enginn geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Skotvís segir Húnaþing vestra neita að sýna gögn um eignarhald sitt.

„Viðbrögð sveitarfélagsins við kurteislegri beiðni Skotvís er því ekki hægt að túlka á annan veg en að um grófa aðför sé að ræða að rétti almennings til veiða og það ber að fordæma. Því hvetur Skotvís alla þá sem veiða á umræddum svæðum og lenda í útistöðum við meinta landeigendur að kalla sýslumann á vettvang,“ segir í yfirlýsingu félagsins.

- gar

## Fyrirhuguð jarðgöng undir Vaðlaheiði



## Sjálfbærni er lykilatriðið

Ráðherrar og hagsmunaaðilar á þingnefndarfundi um Vaðlaheiðargöng. Innanríkisráðherra segir göngin ekki hafa verið framarlega í forgangsröð. Fjármálaráðherra bjartsýnn á að göngin beri sig.

**SAMGÖNGUR** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist viss um að Vaðlaheiðargöng muni verða sjálfbær og gerð þeirra komi ekki til með að varpa kostnaði á ríkissjóð. Þetta sagði hann á opnum fundi í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í gær.

Á sama fundi sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra að alger lykilforsenda fyrir aðkomu ríkissjóðs væri að framkvæmdin stæði undir sér með notendagjöldum eins og vegatolli.

Áætlanir gera ráð fyrir því að kostnaður við gerð ganganna verði fjármagnaður með láni frá ríkinu til hlutafélagsins Vaðlaheiðarganga hf. en það er í eigu Vegagerðarinnar (51%) og Greiðrar leiðar ehf. (49%), en Greið leið er að mestu í eigu Akureyrarbæjar og KEA.

Að loknum framkvæmdum mun félagið endurfjármagna sig á markaði og greiða skuld sína við ríkið.

Aðspurður sagði Ögmundur að ef göngin hefðu ekki verið tekin út úr samgönguáætlun og sett í þetta sér-tæka fjármögnun, væru þau ekki í forgangi. Sem dæmi um samgönguförum framkvæmdir sem væru á undan í forgangsröð nefndi hann göng til Norðfjarðar og Dýrafjarðar auk samgöngubóta á sunnanverðum Vestfjörðum og til Vestmannaeyja.

Spurður hvort hann væri hlynntur gerð Vaðlaheiðarganga svaraði Ögmundur: „Ég er hlynntur því að bæta samgöngur á Norðurlandi. Ég tel að það yrði til góðs fyrir samfélagið og atvinnulífið til langs tíma, en ég er hlynntur því núna á tilteknum forsendum. Það er, að framkvæmdin sé fjármögnuð með notendagjöldum, ekki með aðkomu ríkissjóðs. Það eru skýr skilyrði.“

Skiptar skoðanir voru um forsendur við kostnaðinn. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði

## Um göngin:

- Áætlanir gera ráð fyrir að kostnaður við göngin verði 11 milljarðar króna með virðisaukaskatti.
- Veggjald verði rétt undir 1.000 krónum og hægt verði að greiða göngin upp á 25 til 30 árum.
- Vegstytting á hringvegnum verður 16 kílómetrar og eldsneytissparnaður gæti numið um 300 til 500 krónum í hverri ferð.

að forsendurnar myndu ekki standa og göngin yrðu aldrei sjálfbær. Kostnaður myndi því lenda á ríkinu.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) var sömuleiðis á þeirri skoðun og taldi of marga óvissuþætti í áætluninni. Þá væri áætlun of bjartsýnn þar sem gert er ráð fyrir að 90% umferðar færu um göngin þrátt fyrir að vegastytting væri ekki nema 16 kílómetrar miðað við akstur um Víkurskarð.

Kallaði framkvæmdastjóri FÍB, sem sat fyrir svörum með öðrum hagsmunaaðilum, eftir óháðri úttekt. Fjármálaráðherra sagðist hins vegar treysta forsendunum, sem væru að hans mati varkárar.

„Það er okkar mat að þessar forsendur séu eins traustar og þær geta orðið. Þær eru byggðar á mjög varfærnum spám um aukningu umferðar og ekki tekið með í reikninginn möguleikar líkt og líklegar stórförum framkvæmdir í Þingeyjarsýslum á næstu árum.“

Steingrímur sagði að óvissuþættir myndu sennilega falla í jákvæða átt og ekkert sé því til fyrirstöðu að ljúka fjármögnunarsamningi vegna framkvæmdarinnar. Vonandi fengist heimild frá þingi til að klára fjármögnunarsamning á næstu vikum.

thorgils@frettabladid.is

## Félags- og faggreinafundir



## Reykjavík:

Miðvikudaginn 9. nóvember, kl. 20 - Borgartúni 30

## Reykjanesbæ:

Fimmtudaginn 10. nóvember, kl. 20 - Duus húsi

## Vestmannaeyjum:

Mánudaginn 14. nóvember, kl. 12 - Kaffi Kró

## Selfossi:

Þriðjudaginn 15. nóvember, kl. 20 - Austurvegi 56

## Akranesi:

Miðvikudaginn 16. nóvember, kl. 20 - Jónsbúð

## Dagskrá:

1. Vinnustaðaskírteini og kynning á niðurstöðum í átakinu „leggur þú þitt af mörkum?“ - Hilmar Harðarson, formaður FIT
2. Lífeyrissjóðsmál - Kristján Örn Sigurðsson, framkv.stj. Sameinaða lífeyrissjóðsins /Gylfi Jónasson, framkv.stj. Festu lífeyrissjóðs
3. Önnur mál

Félagsmenn fjölmennið

Stjórn FIT





# AFSLÁTTARDAGAR

20-50%  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum  
rafmagnsrúm  
í öllum stærðum!

## ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg  
rafmagnsrúm  
á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

# AFSLÁTTARDAGAR

Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu  
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með  
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðum?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðum?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
  - hryggskekkju
  - brjóska
  - samföllnum hryggjaliðum
  - spengdum hryggjaliðum
  - gigt, til dæmis:
  - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur.  
Komdu í greiningu



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM  
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)







**FLÓÐ Í FENEYJUM** Kona rær á kajak yfir Markúsartorgið í Feneyjum, þar sem háflæði og hvassvíðri valda miklum flóðum í borginni. NORDICPHOTOS/AFP

Vaxandi þrýstingur á Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, að hann segi af sér:

## Harðneitar því að vera á förum

**ÍTALÍA** Vaxandi þrýstingur er á Silvio Berlusconi að hann segi af sér sem forsætisráðherra Ítalíu. Sjálfur harðneitaði hann í gær fullyrðingum blaðamanna um að hann ætli að segja af sér á næstunni.

Á leiðtogafundi G20-ríkjanna í síðustu viku átti Berlusconi ekki annars úrkosta en að biðja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að hafa eftirlit með aðhaldsaðgerðum á Ítalíu. Þetta hefur hann varla átt auðvelt með að gera, meðal annars í ljósi þess að Ítalía er þriðja stærsta hagkerfi evrusvæðisins og ætti því að vera meðal forysturíkja þess.

Mörgum virðist sem Berlusconi sé sjálfur orðinn eitt helsta vandamál ítalskra efnahagsmála, ekki síst vegna þess að hann nýtur ekki lengur óskoraðs stuðnings innan ríkisstjórnarinnar til að hrinda þeim umbótaáformum, sem hann hefur lofað, í framkvæmd.

Áhyggjur annarra leiðtoga á evrusvæðinu snúast einkum um það hvort Ítalir muni ráða við að greiða afborganir af ríkisskuldum, sem nema orðið 1.900 milljörðum evra, en sú fjárhæð samsvavar 302.000 milljörðum króna.

- gb



**SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherra Ítalíu á leiðtogafundi G20-ríkjanna í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar í Níkaragva:

## Ortega endurkjörinn forseti

**NÍKARAGVA** Daniel Ortega var um helgina endurkosinn forseti landsins með miklum meirihluta, ef marka mátti fyrstu tölur.

Ortega var leiðtogi Sandinista-hreyfingarinnar, sem gerði byltingu árið 1979 og steypti einræðisherranum Anastasio Somoza af stóli. Ortega var forseti frá 1985 til 1990, og síðan aftur frá 2007.

Ásakanir dóttur hans um langvarandi kynferðislegt ofbeldi, sem hún segir hann hafa beitt sig, virðast ekki hafa haft mikil áhrif á kjósendur.

- gb

## Styrkir vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

**Kópavogsbær vekur athygli á rétti fólks til að sækja um styrki skv. 27. grein laga um málefni fatlaðs fólks.**

Bænum er heimilt að veita styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda teljist námið hafa gildi sem hæfing eða endurhæfing. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru 18 ára og eldri styrk til verkfæra- og tækjakaupa vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi, enda teljist starfsemin hafa gildi sem félagsleg hæfing eða endurhæfing sem miði að því að auðvelda fötluðu fólki að skapa sér atvinnu.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðu eyðublaði ásamt greinargerð til þjónustuvers Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 200 Kópavogur. Eyðublaðið má nálgast í þjónustuveri Kópavogsbæjar eða á vef bæjarins, [kopavogur.is](http://kopavogur.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2011.**



## Deila um dagsektir

Vestmannaeyjabær neitar að greiða milljóna króna dagsektir sem Umhverfisstofnun hefur lagt á vegna mengunar frá sorpbrennslustöðinni í Eyjum.

**UMHVERFISMÁL** Forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar hafna því að sveitarfélaginu beri að greiða háar dagsektir sem Umhverfisstofnun (UMST) hefur lagt á vegna ófullnægjandi mengunarvarna Sorporkustöðvar Vestmannaeyja. Dagsektirnar, á bilinu 25 til 50 þúsund á dag, hafa reiknast síðan 1. júlí.

Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar, segir að sveitarfélagið hafi uppfyllt kröfur UMST áður en dagsektir byrjuðu að reiknast. Í ákvörðunarorðum stofnunarinnar í bréfi um dagsektir og takmörkun á starfsleyfi hafi aðeins verið tiltekið að magn ryks í útblæstri skuli vera innan losunarmarka starfsleyfis. Því hafi verið fullnægt. Sektirnar snúi því að mengun í úrgangsvatni sem ekkert sé minnst á í ákvörðunarorðunum þar sem sveitarfélaginu er gert að greiða dagsektir.

Tekið skal fram að í sama bréfi UMST er nákvæmlega farið yfir alla mengunarþætti, þar á meðal í niðurstöðukafla um þvingunarúrræði. Annað álitaefni er til hversu margra daga dagsektirnar eigi að ná. Ólafur Þór segir að stöðin sé aðeins í gangi nokkra daga í mánuði og dagsektirnar geti aðeins náð til þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá UMST stendur ákvörðun stofnunar-



**BRENT** Umhverfisstofnun hefur lengi krafist úrbóta í mengunarmálum í Eyjum. Því hefur nú verið mætt undir hótunum um sviptingu starfsleyfis. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

innar um dagsektir, en verið er að yfirfara rök sveitarfélagsins fyrir því að sektirnar skuli falla niður. Haldi rök UMST ber sveitarfélaginu að greiða sekt sem nemur í dag um 4,4 milljónum króna, að því er næst verður komist. Sektarupphæðin er núna 40 þúsund krónur á dag en var lægst 25 þúsund í 61 dag í sumar en hæst 50 þúsund í tíu daga.

Sorpbrennslan í Eyjum starfaði árum saman án þess að uppfylla skilyrði starfsleyfis um mengunarmál. Allt frá því árið 2004 sýndu mælingar að magn ryks í útblæstri var langt yfir leyfilegum losunar-

mörkum. Það sama átti við um mengun í úrgangsvatni.

Í byrjun árs 2011 sendi UMST Vestmannaeyjabæ bréf um að til stæði að svipta sorpbrennsluna starfsleyfi, enda var bærinn áminntur í maí árið áður og úrbóta krafist. UMST ákvarðaði síðan í maí að leggja dagsektir á sveitarfélagið frá 1. júní [frestað til 1. júlí] til 1. desember.

Á undanförunum mánuðum hefur rykmengun náðst niður í skekkjumörk starfsleyfis og því grundvallast dagsektir á mengun í úrgangsvatni. svavar@frettabladid.is



**NEITAR SEKT** Hryðjuverkamaðurinn Carlos kom fyrir rétt í Frakklandi í gær og bar sig nokkuð vel. NORDICPHOTOS/AFP

Þekktur hryðjuverkamaður enn á ný í sviðsljósinu:

## Sjakalinn neitar sök

**PARIS, AP** Hryðjuverkamaðurinn Carlos, einnig þekktur sem Sjakalinn, kom fyrir dóm í París í gær þar sem hann er ákærður fyrir að hafa skipulagt sprengjuárásir sem kostuðu 11 manns lífið á árunum 1982 og 1983. Um 140 særðust í árásunum.

Hann var nokkuð keikur fyrir dómi, brosti og neitaði sök í málunum sem á hann voru borin.

Carlos er einn af nafntoguðustu hryðjuverkamönnum heims og hefur sjálfur sagst hafa valdið dauða tuga manna í árásunum á áttunda og níunda áratugnum.

Carlos er nú 62ja ára gamall og

hefur setið í fangelsi í Frakklandi frá árinu 1994, fyrir að myrða tvo franska útsendara og líbískan upp-ljóstrara.

Þrátt fyrir lífstíðardóm gæti Carlos losnað eftir 30 ára afplánun. Það kemur þó ekki til þess ef hann verður sakfelldur í yfirstandandi máli, en það fæli í sér annan lífstíðardóm.

Carlos, sem er fæddur í Vene-súela, komst í samband við fjölmiðla í aðdraganda réttarhaldsins og sagði í viðtali að hann ætlaði sér að berjast gegn ásökunum.

Dómur ætti að liggja fyrir eftir um sex vikur.

- þj

**1991**  
Freddie  
yfirgefur  
sviðið  
Hvað gerist  
10.11.?



Lögreglan í Borgarnesi rannsakar meintan sauðapjófnað frístundabónða frá bónda í Skorradal:

# Lögreglumenn fundu endurmarkað lamb

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi rannsakar nú meintan þjófn- að á hrútlambi í Skorradal fyrr í haust. Í síðustu viku barst tilkynning um að lambið væri mögulega að finna í girðingu rétt utan við Akranes.

„Það var nýbúið að endurmarka lambið. Fróðir menn töldu sig þekkja gamla markið þar undir og lambinu hefur verið skilað til þess sem tilkynnti um málið í upphafi,“ segir Theódór Þórðarson, yfirlögregluþjónn hjá lög- reglunni í Borgarnesi.

Hann segir eiganda fjárins í girðingunni sem er frístunda- bóndi ekki hafa gefið haldbærar skýringar á því hvernig lambið komst til hans.

Ólafur Dýrmundsson, ráðu- nautur hjá Bændasamtökum Íslands, segir að á undanförm- um árum hafi verið upplýst um fáeina sauðapjófnaði auk þess sem grunsemdir hafi vaknað um sauðapjófnaði vegna lélegra heimta á haustin.

„Ég man hins vegar ekki eftir máli sem hefur endað með dómi



**SAUÐFÉ** Bændur treysta sér sjaldan til að kæra sauðapjófnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

jafnvel þótt það hafi verið upp- lýst. Sammerkt með þessum málum er að menn hafa ekki treyst sér til þess að kæra þar sem um nágranna hefur verið að ræða. En það eru dæmi um að menn hafi náð sáttum um bætur.“

Það er mat Ólafs að taka eigi hart á sauðapjófnaði. „Öll afskipti af búfé og dýrum varða við dýra- velferð. Ef mál verða kærð á lögregla að taka þau alvarlega. Skýrslutaka lögreglu verður að vera vönduð þannig að skýrsla haldi vatni.“



**HITTUST Á FÓRNARHÁTÍÐ** Þessir ungu piltar heilsast að loknum morgunbæn- um á fórnarhátíð múslima í Kolkata á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP



**HVERAGERÐI** Uppblásanlegt íþróttahús mun rísa í bænum.

Deila um uppblásið hús:

## Ásakanir um orðhengilshátt

**SVEITARFÉLÖG** Fyrirhugað æfinga- hús við Grýluvöll í Hveragerði veldur enn deilum í bæjarráðinu þar. Meirihluti Sjálfstæðisflokks hefur ákveðið að bjóða út fram- kvæmdina. Um er að ræða upp- blásanlegt hús.

„Uppblásið æfingahús inni í Dal er ekki skynsamlegasta aðferð- in við nauðsynlega uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði,“ sagði fulltrúi minnihluta A-listans sem kvað fjárfestinguna óarðbæra og greiddi atkvæði gegn henni. Fulltrúar meirihlutans sögðu ágreininginn snúast um útfærslu: „Á því höfum við skilning en undr- umst samt ómálefnalegt orðfæri og orðhengilshátt í umræðunni.“

- gar

Afhjúpuð í tollinum:

## Bakveik á bót- um bar hundr- uð bjórdósa

**SVÍPJÓÐ** Kona sem var á bótum vegna bakveiki bar sjálf hundruð bjórdósa úr farangursgeymslu rútu sem hún hafði ferðast með ásamt öðrum bótáþegum til þess að kaupa ódýrt áfengi í Þýska- landi. Þetta gerði konan fyrir framan tollverði og starfsmenn sænsku sjúkratrygginganna sem tóku þátt í skoðun tollsins í Hels- ingborg í tvo daga í októberlok.

Auk konunnar voru sex aðrir farþegar á bótum vegna veikinda og atvinnuleysis. Áfengið sem þeir fluttu til Svíþjóðar vó 3.000 kg. Af 94 sem skoðaðir voru þessa tvo daga voru 43 á einhvers konar bótum frá sjúkratryggingum. - ibs

Seinheppnir brotamenn:

## Smygluðu sama dópinu tvisvar

**NOREGUR** Karlmaður var nýlega dæmdur í ellefu ára fangelsi í Noregi fyrir að taka þátt í smygli á tæpum níu kílóum af heróíni frá Svíþjóð árið 2009.

Málið vekur athygli þar sem þau sem stóðu að innflutningn- um höfðu áður smyglað efnunum inn til Noregs, en þá óttuðust þau að lögreglan væri á eftir þeim og flúðu aftur til Svíþjóðar, segir í Aftenposten. Þau reyndu aftur viku síðar og keyrðu þá fáfarna sveitavegi og villtust nokkrum sinnum en komust þó á áfangastað í bænum Sarpsborg í Noregi. Þar voru þau handtekin síðar um dag- inn. Hinir sakborningarnir höfðu fengið allt upp í 12 ára dóm. - þj



Capacent

## ERTU AÐ NÝTA GÖGNIN? ÁRANGUR MEÐ ANALYTICS

Capacent í samvinnu við IBM og Unica heldur ráðstefnu um þá möguleika sem felast í Customer Analytics fyrir íslensk fyrirtæki í Hörpu miðvikudaginn 9. nóvember kl. 14-17.

Daglega safna fyrirtæki upplýsingum um viðskiptavini sína, kaup þeirra og notkun á vörum og þjónustu. Þegar unnið er úr þeim upplýsingum með tölfræðilegum greiningaraðferðum, Analytics, verður til þekking sem gerir stjórnendum kleift að taka markvissar ákvarðanir hvort sem ætlunin er að rækta sambandið við núverandi viðskiptavini, draga úr brottfalli eða afla nýrra.

### Meðal efnis á ráðstefnunni

Brynjólfur Borgar Jónsson: Customer Analytics: Hvernig nýtist það mínu fyrirtæki?

Mette W. Petersen frá IBM: Customer Intelligence and Interactive Marketing with Unica.

Vilmar Pétursson: Ekki bara gögn og greiningar: Áskoranir í árangursríkri innleiðingu Customer Analytics.

### Greiningarverkfæri sem kynnt verða á ráðstefnunni

- Cognos: Árangursstjórnun
- SPSS: Tölfræðileg greining
- Unica: Herferðastjórnun

Nánari upplýsingar og skráning á [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Aðgangur er ókeypis.

CAPACENT  
BORGARTÚNI 27  
SÍMI 540 1000

capacent



Skynsamlegar tillögur um samnýtingu íþróttamannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

## Aðeins of glæsileg uppbygging

Aðstaða til íþróttaiðkunar á Íslandi hefur tekið gríðarlegum stakkaskiptum á undanföllum árum. Ný fjölnota íþróttahús og gervigrasvelli sem nota má allt árið hafa komið til sögu í fjölda-mörgum sveitarfélögum. Þetta hefur komið öllum íþróttaiðkendum til góða, ekki sízt börnum og unglíngum.

Þótt mörg þessara mannvirkja hafi risið í samstarfi íþróttafélaga og sveitarfélaga hafa skattgreiðendur borið mest af kostnaðinum og glæsileg uppbygging íþróttamannvirkja á sinn þátt í fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga, sem er ekki alveg eins glæsileg.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Stundum hefur verið gagnrýnt hversu miklu fé hefur verið varið til íþróttamannvirkja, til dæmis í samanburði við menningarhús. Ábendingar um að stjórnmalámennt séu líklegir til að beita sér fyrir háum fjárfraðmögum til

íþróttamannvirkja vegna þess hvað íþróttafélög séu gagnlegir bak-hjarlar í prófkjörs- og kosningabaráttu eru heldur ekki út í bláinn.

Ef marka má áfangaskýrslu starfshóps sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem var falið að skoða breytingar á rekstri íþróttamannvirkja, hefur verið farið fram með meira kappi en forsjá í uppbyggingunni. Niðurstaða starfshópsins er sú að í Kópavogi sé „mikil umframafkastageta fyrir hópíþróttir“, enda voru bæjaryfir-völd þar í bæ stórtækust í uppbyggingunni í góðærinu.

Starfshópurinn leggur til að íþróttamannvirkin í Kópavogi verði fullnýtt áður en ráðið verði í byggingu fleiri íþróttahúsa og -valla á höfuðborgarsvæðinu. Í því skyni verði meðal annars komið á sam-ræmdri gjaldskrá á milli sveitarfélaganna þannig að þau geti leigt tíma í íþróttamannvirkjum sín á milli, komið verði upp gagnabanka um áhöld og tæki sem leigja megi á milli íþróttahúsa svo ekki þurfi að kaupa margt af hverju og tekið verði upp sameiginlegt kerfi til að fylgjast með nýtingu og aðsókn í íþróttamannvirkjum sveitarfélaganna. Þá er lagt til að skoðaðir verði möguleikar á sameigin- legum innkaupum og útboðum.

Loks leggur starfshópurinn til að staðsetning dýrustu mannvirkja- anna, með mesta afkastagetu, verði framvegis ákveðin í samvinnu sveitarfélaganna til að tryggja sem bezta nýtingu til framtíðar.

Allt hljómar þetta býsna skynsamlega. Það hljóta að vera hags- munir skattgreiðenda að sveitarfélögin vinni saman og samnýti dýr mannvirki. Þáttur í því er það sem starfshópurinn leggur líka til; að nýta megi frístunda- og íþróttastyrki í einu sveitarfélagi til að stunda íþróttir í öðru. Hópurinn bendir á að börn og unglíngar þurfi oft að ferðast um langan vegg til að stunda íþróttir eða tómsundur í eigin sveitarfélagi, þótt stutt sé í íþróttamannvirki í nágrenna- sveitarfélagi. Í slíku fyrirkomulagi er auðvitað ekkert vit.

Nú þegar harðnar á dalnum þurfa sveitarfélögin á höfuðborgar- svæðinu, sem að mörgu leyti eru runnin saman í eina samfellda borg, að sýna vilja til samstarfs og samnýtingar dýrra fjárfestinga. Það á ekki eingöngu við um íþróttamannvirkin.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Maður að meiri

Birni Bjarnasyni var stundum legið á hálsi fyrir að bíta sig fastan í ákveðna skoðun og hvika í engu frá henni, óháð rökum. Þá kenningu hefur hann nú afsannað rækilega. Björn ritaði nýlega færslu á bloggi sínu þar sem hann bar saman almennings- samgöngur í Brussel og Berlín og komst að þeirri niðurstöðu að Brussel hefði vinninginn. Nú hefur Björn hins vegar dvalið í viku í Berlín og breytt um skoðun. „Mér er ljúft að draga til baka efasemdir mínar um ágæti almenn- ingssamgangna í Berlín. Þær byggðust á hreinni

vanþekkingu. Kerfið er til mikillar fyrirmyndar eins og ég hef sannreynt á einni viku.“ Björn er maður að meiri fyrir vikið og mættu margir taka hann sér til fyrirmyndar.

#### Endurvinnsla hugmynda

Lilja Mósesdóttir hyggur á stofnun nýs flokks. Það ætti að ríma við ákall margra um endurnýjun á flokkakerfinu. Lilja hyggst hins vegar ekki koma fram með nýjar hug- myndir og gildi, heldur endurvinnna ákveðnar hugmyndir gömlu flokkanna.

#### Kristilegi samvinnuumhverfisjafnaðarflokkurinn

Og áhugavert er að sjá hvað Lilja velur. Frá Sjálfstæðisflokknum réttlæti „sem er svona kristilegt“, frá Framsókn valddreifingu, ekki S-hópsins og SÍS heldur allt aftur í upphaf samvinnuhreyfingarinnar, frá Alþýðuflokknum jöfnuð og frá Vinstri grænum sjálfbærni. Þarna virðist þróun íslenskra stjórnmalahug- mynda á þessari og síðustu öld birtast í nýja flokknum, sem gæti fengið heitið Kristilegi samvinnuumhverfisjafnaðar- flokkurinn. Nú vantar bara lógó. kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Verum vinir

### Samfélags- mál



Eðvald Einar Stefánsson  
sérfræðingur hjá umboðsmanni barna

Börn eiga að njóta þess að vera börn og barnæskan á að vera áhyggjulaus tími. Það eru þó allt of margir sem upplifa þá tíma ekki jákvæða. Fjölmíðlar hafa verið ötulir við að segja frá tilvikum þar sem einelti hefur varanleg áhrif á framtíð þeirra barna sem fyrir því verða.

Eftir að hafa fengið ábendingar frá börnum og unglíngum um að einelti sé þungt og fráhrindandi hugtak hefur umboðsmaður barna ákveðið að nálgast þetta vandamál með því að leggja áherslu á vináttu og samkennd. Einelti getur bæði verið orsök og afleiðing ýmissa vandamála en með því að bæta brag skólans sem og samfélagsins í heild og leggja áherslu á vináttu og kærleika fyrir náunganum er hægt að vinna gegn einelti og vinaleysi og bæta líðan almennt.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur umboðsmaður barna farið í grunnskóla landsins og vakið athygli á mikilvægi vináttu og samkenndar. Virðing fyrir mannhelgi og samlíðan eru hlutir sem allir ættu að tileinka sér. Ábyrgð foreldra skiptir vissulega miklu máli þegar kemur að því að kenna börnum þessar dyggðir en það er einnig mikilvægt að samfélagið í heild sinni leggi sitt af mörkum til að

„Að heilsa einhverjum sem er oft einn getur verið nóg til að bjarga deginum fyrir viðkomandi.“

þjálfa jákvæð samskipti og að fullorðnir séu börnum góðar fyrirmyndir. Það er einnig mikilvægt að bryna börnum að þau gæti þess að taka ekki þátt í því að koma illa fram við aðra og að þau láti vita þegar eitthvað er gert eða sagt sem skaðar eða særir einhvern.

Það er auðvitað aldrei hægt að gera þá kröfu um að allir verði bestu vinir en bara það eitt að geta sýnt það að við berum virðingu fyrir hvert öðru getur haft mikil áhrif. Að heilsa einhverjum sem er oft einn getur verið nóg til að bjarga deginum fyrir viðkomandi.

Með því að koma fram við aðra af virðingu og samkennd og umfram allt að tala ekki niðrandi um annað fólk verðum við að betri fyrirmyndum fyrir börnin okkar. Þannig getum við stuðlað að góðu og heilbrigðu samfélagi.

**the PIER** FOR YOUR HOME

**KONUKVÖLD** THE PIER

MÍÐVIKUDAGINN 9. NÓV. Á SMÁRATORGI KL. 18-21

- 20% AF KERTUM
- 30% AF ÞÚÐUM OG GARDÍNUM
- 25% AF GLÖSUM
- 30% AF JÓLA-VÖRUM
- 25% AF SNYRTI-VÖRU
- 20% AF HÚSGÖGNUM

DAGSKRÁ: ELLEN OG KK EVUKLÆÐI KYNNA HAUSTLÍNUNA KYNNING FRÁ OSTABÚBINNI, BITRUHÁLSI LÉTTAR VEIÐINGAR ALLAR KONUR VELKOMNAR!



# Um sjálfstæðismenn og flokkinn

Í DAG

Jónína Michaëlsdóttir  
blaðamaður



Bloggarar og álitsgjafar um um stjórnmal og viðskiptalíf hér og þar, geta þess ekki endilega hvar þeir sjálfir standa í pólitík og hvers vegna. Í mörgum tilvikum er það á allra vit-orði, en ekki alltaf. Til eru þeir sem trúa því í einlægni að þeir séu hlutlausir í málflutningi, af því að þeir eru ekki flokksbundnir.

Eftir því sem ég best vissi þá var ég á sínum tíma eini flokksbundni blaðamaðurinn á Vísi auk ritstjórans. Við vorum bæði sjálfstæðismenn og það var ekkert leyndarmál. Til þess var stundum vitnað í léttum tón, þegar ég var send í verkefni tengd pólitík. Fréttastjórinn minn, góður félagi og fínn blaðamaður, var fyrrverandi fram-sóknarmaður. Hann hafði ekki verið sáttur við pólitíkina þar og stofnaði því Möðruvallarhreyfinguna, ásamt félögum sínum. Engum datt í hug að hann þyrfti að vara sig í pólitískri umfjöllun, né aðrir félagar mínir sem vissulega höfðu sínar skoðanir, rétt eins og ég og lágu ekki á þeim. Sem betur fer. Það var bara Sjálfstæðisflokkurinn sem þurfti að vara sig á.

**Séra Friðrik**

Fyrir margt löngu spurði ég vísan mann sem kominn var til ára sinna, hvort hann hefði

skýringu á því hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn væri jafn öflugur og raun bæri vitni, öndvert við flesta svokallaða hægri flokka í nágrannalöndunum. Hann svaraði því til, að það mætti að miklu leyti rekja til séra Friðriks Friðrikssonar, sem fæddist 1868 og lést í mars 1961. Sr. Friðrik hefði gjörbreytt lífi æskufólks hér á landi á sínum tíma. Komið að stofnun KFUM og KFUK, sem og hvers kyns íþróttum og útivist fyrir uppva-xandi kynslóð hér á landi: Knattspyrnufélaganna Vals og Hauka, Skátafélagsins Væringja og Karlakór KFUM sem síðar varð Karlakórinn Fóstbræður.

„Æskufólk tók þessu opnum örmum. Allir voru hjá séra Friðrik, bæði í íþróttum og kristilegu starfi,“ sagði maðurinn við mig, „og þar voru allir jafnir. Þegar þeir uxu úr grasi dreifðust þeir um samfélagið. Karlarnir á bryggjunni voru kannski vinir og félagar forstjórans og skipstjóranna. Milli þeirra var ekki stéttaskipting. Þeir skildu orðin: „Stétt með stétt“ sínum skilningi. Þetta skaut rótum áður en verkalýðshreyfingin og vinstri-mennskan varð jafn öflug og síðar varð,“ sagði maðurinn.

Ekki veit ég hvort þessi tilgáta viðmælanda míns er rétt, en hún er óneitanlega rökrétt.

**Venjulega fólkíð**

Ef allt talið um sjálfstæðismenn sem auðkýfinga og eignajöfra hefði við rök að styðjast, væri þjóðin í góðum málum. Hins vegar er ástæðulaust að furða sig á því að öflugir athafnamenn kjósi stjórnmalaflokk sem þekkir lögmál atvinnulífsins og hefur á stefnuskrá sinni að greiða



Milli þeirra var ekki stéttaskipting. Þeir skildu orðin: „Stétt með stétt“ sínum skilningi.

fyrir framkvæmdum, fremur en leggja stein í götu þeirra.

En burðarásinn í Sjálfstæðisflokknum er venjulega fólkíð. Fólkíð sem virðir lög og reglur, greiðir sína skatta og skyldur, og vill fá að vera í friði. Fólkíð sem

vill í framhaldi af því hafa frelsi til athafna án afskipta ríkisins. Fólkíð sem hefði safnast saman á Austurvelli vikum saman öskureitt með hávaða, trumbu-slátt og ávirðingar, ef það væri ekki nákvæmlega þetta: Venju-

lega fólkíð. Eins og við vitum þá eru alls staðar skrytnar skrúfur inn á milli. Líka í Sjálfstæðisflokknum. Annað væri undarlegt.

En stjórnmalaflokkur sem er sprottinn úr jarðvegi samstöðunnar, flokkur sem velur sér að starfa með fyrirheit eins og stétt með stétt, allir jafnir, vinnum saman, og frelsi einstaklingsins til orða og athafna, er býsna vel nestaður.

Leiðtogar hans bera mikla ábyrgð.

## Mikið mál?



SagaPro fæst í heilsuvöruverslunum, apótekum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.

Náttúruvörur úr íslensku ætíhvönn

## Minna mál með SagaPro

Tíð næturþvagliát eru heilmikið mál fyrir marga karlmenn. **SagaPro** er náttúruvara úr íslensku ætíhvönn ætluð þeim sem eiga við þetta vandamál að etja. Með **SagaPro** fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld.



**SAGAMEDICA**  
www.sagamedica.is

## Fjarar undan litlum gjaldmiðlum

Gjaldmiðlar

Andrés Pétursson  
formaður  
Evrópusamtakanna



Mikið hefur verið ritað og Mrætt um gjaldeyrismál að undanförmu. Ástæðan er sú að það hrikir í undirstöðum efnahagskerfis heimsins og menn eru ekki sammála hvert stefnir. Undirritaður skrifaði stutta grein í Fréttablaðið fyrir skömmu þar sem ég benti á þá staðreynd að jafnvel öflugir gjaldmiðlar eins og svissneski frankinn eiga undir högg að sækja.

Skúli Sveinsson lögfræðingur sá ástæðu til að svara þessari grein minni og taldi mig vera að lofsyngja evruna. Ekki veit ég hvernig hann les það út úr grein minni því ég bendi einungis á þá staðreynd að svissnesk yfirvöld telja sig ekki geta lengur haldið úti sjálfstæðum gjaldmiðli. Því hafi þeir ákveðið að tengja gjaldmiðil sinn við evruna til að tryggja samkeppnishæfni landsins. Hins vegar dreg ég enga dul á það að ég tel að hag okkar Íslendinga væri betur borgið með evru en með núverandi fyrirkomulagi. Ég er líka þess fullviss að evran mun lifa þessar hremmingar af og verða sterkari gjaldmiðill fyrir vikið.

Sparsemi og fyrirhyggja Svisslendinga er á margan hátt til fyrirmyndar enda þekki ég það af eigin raun eftir að hafa búið þar í landi. Nú hafa svissnesk yfirvöld hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að breyta þurfi um stefnu því gamlar aðferðir dugi ekki í samþættu

alþjóðlegu hagkerfi. Þess vegna er það dálítið skondið að Skúli vilji að við tökum upp gamlar aðferðir Svisslendinga að safna gríðarmiklum innlendum sparnaði til að standa við bakið á innlendum gjaldmiðli.

Ekki þannig að ég hafi neitt á móti innlendum sparnaði en það er gríðarlega dýrt að halda úti stórum gjaldeyrisvarasjóði. Þar með værum við að binda mikla fjármuni sem væri betur

Ýmsir hagfræðingar hafa spáð því að innan ekki margra áratuga verði einungis nokkrir gjaldmiðlar í gangi í heiminum.

varið til að byggja upp innlent atvinnulíf. Hin leiðin er að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru í kjölfarið. Þar með kæmumst við í skjól evrópska seðlabankans og nytum góðs af gjaldeyrisvarasjóði hans.

Ýmsir hagfræðingar hafa spáð því að innan ekki margra áratuga verði einungis nokkrir gjaldmiðlar í gangi í heiminum. Þegar eru þreifingar í gangi varðandi aukið samstarf ríkja í S-Ameríku í efnahagsmálum og einnig ríkja í SA-Asíu. Of snemmt er að spá um hve náíð þetta samstarf verður en mér finnst ekki líklegt að íslensk króna verði ein af þeim myntum sem verði ofan á þegar gjaldmiðlar framtíðarinnar munu þróast á næstu áratugum.

**1991 Perlan opnuð!**  
Hvað gerist 10.11.?





40

**HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON**, pólfari og lögræðingur, er fertugur.

„Það var ómetanlegt að fara þessar ferðir, sem allar gengu vel. Margir reyna það sama án þess að ná markmiðum sínum og snúa jafnvel ekki lífs til síns heima. Því var yfir mér blessun.“

## MERKISATBURÐIR

- 1718** Giötheborg, stórt, danskt herskip, strandar á Hásteinum við ósa Ölfusár. Sjö manns drukkna en bændur í grennd bjarga 160 skipverjum á land.
- 1879** Hið íslenska fornleifafélag stofnað.
- 1949** Umferðarljós tekin í notkun á fjórum fjölförnum gatnamótunum í miðbæ Reykjavíkur.
- 1978** Friðrik Ólafsson kjörinn forseti Alþjóðskáksambandsins.



Okkar yndislegi og elskaði pabbi, tengdababbi og afi,

**Aðalsteinn Gunnarsson**  
loftskeytamaður  
Hraunvangi 7, áður Grænukeinn 1,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 1. nóvember. Hann verður jarðsungen frá Víðistaðakirkju föstudaginn 11. nóvember og hefst athöfnin kl. 15.00.

Porsteinn Gunnar Aðalsteinsson      Hrunn Eðvarsdóttir  
Sunna Porsteinsdóttir  
Kolbrún Ragnheiður Kristjánsdóttir  
Porsteinn Gunnlaugsson  
Birgir Gunnlaugsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Halldórsdóttir**  
frá Eyri, Ingólfsfirði,  
Nýbýlavegi 80, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum sunnudaginn 30. október, verður jarðsungen frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

Ingólfur Guðjónsson      Jón Leifur Óskarsson  
Lára Ingólfsdóttir      Ingunn Hinriksdóttir  
Sigurður Ingólfsson      Hrönn Jónsdóttir  
Halldór Kr. Ingólfsson      Harpa Snorraddóttir  
Guðjón Ingólfsson      Guðmundur J. Jónsson  
Þórhildur H. Ingólfsdóttir      Svanhildur Guðmundsdóttir  
Ólafur Ingólfsson      barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, amma, tengdamamma, systir og mágkona,

**Sigurbjörg Steindórsdóttir**

varð bráðkvödd á heimili sínu föstudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Gleráarkirkju Akureyri föstudaginn 11. nóvember kl. 11.00.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir      Edvard Börkur Edvardsson  
Bernharð Stefán Bernharðsson  
Björg Marianna Bernharðsdóttir      Sigurður K. Blomsterberg.  
Steingrímur Magnús Bernharðsson  
ömmubörn  
Halldóra Steindórsdóttir  
Steindór Steindórsón  
Sigurgeir Steindórsón



## TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

**MOSAÍK** • Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík  
sími 587 1960 • www.mosaik.is

PETTA GERÐIST: 8. NÓVEMBER 1983

## TF-Rán ferst í Jökulfjörðum

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Rán, fórst í Jökulfjörðum og með henni fjórir menn. Flak vélarinnar fannst með hjálp neðansjármynda- vélar og náðist af hafsbotni. Það var rannsakad í þaula og í tilkynningu Flugmálastjórnar og flugslysaneftar kom fram að „einhver aðskotahlutur hafi lent í forþjöppu hægri hreyfils

og laskað hana“. Þá vakti það athygli að hægri hurð þyrlunnar vantaði á flakið.

Tíu dögum fyrir slysið hafði áhöfnin á TF-Rán bjargað þremur mönnum úr sjávarhásku þegar vélbátinum Haferninum frá Stykkishólmi hvolfdi við Bjarneyjar á Breiðafirði.

Heimild: Ísland í aldanna rás



HELGA BJÖRK GRÉTUDÓTTIR: HVETUR LANDSMENN TIL KLUKNAHLJÓMS Í DAG

## Bjöllum hringt gegn einelti

„Einelti er mannleg meinsemd á ábyrgð okkar allra. Það er ekki hægt að gera þá kröfu á foreldra að þeir geti ávallt varið börn sín og á meðan eitt mesta eineltið viðgengst innan kennarastéttarinnar; hvernig eiga þá skólafyrirvöld að takast á við einelti barna?“ spyr Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir frá Eineltis- samtökunum og Sérsvetit gegn einelti. Sérsvetit hvetur landsmenn til sjávar og sveita að hringja skipsbjöllum, kirkjubjöllum, skólabbjöllum, dyrabjöllum, hjólabjöllum, spiladósunum og í raun hvaða bjöllum sem er klukkan 13 til að vekja athygli á eineltismálum.

Helga Björk er sjálf pólandi langvinnis eineltis og hefur einnig setið við borðið sem foreldri og kennari.

„Við getum ekki lengur varpað ábyrðinni á lítil börn heldur verðum að virkja valdið ofan frá. Nú er tímabært að æðsta menntastofnun landsins, menntamálaráðuneytið, móti vinnuna og fari að standa sig. Eineltisvandinn má ekki lengur vera niðurþaggað felumál sem bitnar ævilangt á þólandanum af því að skólafyrirvöld skortir fyrirmæli um hvernig þau eiga að takast á við hann,“ segir Helga Björk.

Hún segir engan mundu hika við að bjarga slösuðu barni úr slysi vegna óvissu um lög og vinnureglur, en slíkt sé einmitt raunin í eineltismálum.

„Nú eru tvö ár liðin síðan ákveðið var í samráði við öll ráðuneytin að koma á fót óháðu fagraði um einelti, en það hefur enn ekki litið dagsins ljós. Þá vil ég vita hvað varð um þær níu milljónir sem ríkisstjórn Íslands lagði í eineltisverkefni 2010, og hvers vegna einstaklingar með góða fagmenntun, persónulega reynslu af einelti og ómældan starfa í þágu málefnisins fá ekki að vinna með ráðuneytunum eins og þeim var lofað. Þangað til óháð fagrað tekur til starfa, og á meðan stjórnarsýslan fer ekki að lögum og lögmenntastéttafélaga brjóta ítrekað síðareglur með því að verja mál þólanda og geranda á sama tíma, breytist ekkert til batnaðar í eineltismálum,“ útskýrir Helga Björk.

Hún segir skólustjóra og kennara fara í vörn þegar einelti kemur upp í skólum þeirra.

„Við þær aðstæður þarf olíu sem líðkar til og sú olía er vitaskuld æðsta yfirvald menntamála og síðan borgarstjórnin og bæjarstjórnir sem eru æðstu yfirmenn sinna bæjarfélaga og setja þessum stofnunum verklagsreglur. Það



**KLUKNAHLJÓM TIL BJARGAR** Árlegur dagur gegn einelti er í dag. Þá verður undirritaður þjóðarsáttmáli um baráttu gegn einelti í Höfða. Klukkan 13 munu kirkjur lands hringja bjöllum og skipaflothin þeyta skipsflautur sínar. Helga Björk hvetur fólk til að hringja öllum bjöllum, og sjálf á hún margar sem tónlistarkennari.

er ekki lengur bjóðandi að setja eineltismál í hendur þeirra sem kunna ekki að taka á þeim vegna þess að þeir hafa ekki tekið til í sínu umhverfi.“

Helga Björk segir eineltismál alltaf sett á byrjunarreit þegar nýtt stjórn- málaafli taki við. „Falleg orð á tyllidögum og verkefni sem fara af stað deyjá og meidda þá sem eftir standa með reynslu og lausnir. Því væri ósköp gott ef einhver pólitikusanna segði hreinskilnislega: „Ég skil þetta ekki og ég kann þetta

ekki. Settu mig inn í málin“. Að þeir leituðu strax samstarfs og hjálpuðu þar með börnunum sem gubba áður en þau fara í skólann, sofa ekki vegna kvíða og langar ekki að lifa vegna eineltis. Höfnun vex þegar enginn sýnir umhyggju né kærleika og lætur einelti liggja á milli hluta. Það er ekki nógu mikið talað um einelti sem stríð og stríðsskaða og það er skortur á mannvirðingu þar sem hver og einn er dýrmæt sköpun Guðs.“

thordis@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Bjarney Jóhannesdóttir**

lést á Kristnesspítala þriðjudaginn 1. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 11. nóvember kl. 13.30.

Jónína Hallgrímsdóttir      Ævar Kristinsson  
Heiðbjört Hallgrímsdóttir      Þórir Tryggvason  
Kristín Hallgrímsdóttir  
ömmu- og langömmubörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gyðriður Þorsteinsdóttir**

áður á Hlíðarbraut 8, Hafnarfirði,  
lést á Hrafnistu laugardaginn 5. nóvember.

Þórir Ingvarsson      Edda Jónasdóttir  
Hjördís Edda Ingvarsdóttir      Jón Vignir Karlsson  
Sigríður Ólöf Ingvarsdóttir  
Puríður Guðný Ingvarsdóttir      Árni Pálsson  
Ingveldur Ingvarsdóttir      Benedikt Jónasson  
barnabörn og langömmubörn.



# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

SAMSUNG hlaut fjögur EISA VERÐLAUN 2011-2012 fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir *þetta sjónvarp*:  
**BESTU KAUPIN** – „Gæði á góðu verði“

EISA: The European Imaging and Sound Association



SAMSUNG

SAMSUNG  
SJÓNVRÖP  
6500 LÍNAN

Stærðir:  
32"  
40"  
46"  
55"

## SAMSUNG SJÓNVRÖP LED • 3D • SMART TV


- Clear Motion Rate: 400 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD
- Skjár: Ultra Clear
- Skerpa: Mega
- AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja
- USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
- Upptökumöguleiki: Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanálggjandi harðan disk
- Netvafri: Já
- Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl.
- Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta
- Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól
- Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma  
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)

## SAMSUNG SMART TV veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

Samsung færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV.

Smart TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d. sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.m.fl.

SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi enn skemmtilegri!



Komdu og gerðu **BESTU KAUPIN!**

**SAMSUNG** SETRIÐ  
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

**ORMSSON**

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT





Systir okkar,

### Guðný Björnsdóttir

Skútagili 2, Akureyri  
(áður Syðri-Brennihóli),

lést að morgni fimmtudags 3. nóvember.  
Jarðarförin verður frá Glerárkirkju fimmtudaginn  
10. nóvember kl. 13.30.

Bræður hinnar látnu,  
Björn og Guðmundur Karl.



SELJALANDSFOSS UNDIR EYJAFJÖLLUM Fagurt er í Rangárfingi og á Rangæingafélagið sumarhús í Hamragörðum við Seljalandsfoss.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Rangæingar fagna

Rangæingafélagið í Reykjavík heldur árlega árs hátíð sína laugardaginn 12. nóvember næstkomandi. Félagið var stofnað 12. desember 1935 og hélt upp á 75 ára afmæli sitt í fyrra.

Veislustjóri verður Loftur Pétursson og heiðursgestur Ísólfrur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárfings eystra. Að Rangæinga síð verður boðið upp á ýmis

skemmtiatriði og mun danshljómsveitin Klassík sjá um að dansþyrstir geti iðkað danslist sína.

Stjórn félagsins svarar frekari fyrirspurnum um árs hátíð áttahagafélagsins en einnig er fjallað um hana í Gljúfrabúa, riti félagsins í ágúst. Mikilvægt er að ganga frá miðapöntunum fyrir morgundaginn, miðvikudaginn 9. nóvember.

## Aðgengilegt rit

Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir gaf á dögunum út bókina Anna Rósa grasalæknir og íslenskar lækningsajurtir, notkun þeirra og tínsla en þar birtist í fyrsta sinn á prenti samantekt á þeim vísindalegu rannsóknunum sem gerðar hafa verið á íslenskum lækningsajurtum. Gerð er grein fyrir lækningsamætti íslenskra jurta, sögu þeirra og notkun og greint frá aðferðum við vinnslu auk þess sem gefnar eru uppskriftir. Fjöldi ljósmynda prýðir bókina en heiðurinn af þeim á Erling Ólafsson, skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands. Þær eru allar prentaðar á heila síðu til þess að ekki fari á milli mála hvernig jurtirnar líta út.

„Hér er komin frábær bók þar sem Anna Rósa sameinar vísindalega

nálgun og aldagamla þekkingu á íslenskum lækningsajurtum. Verkið einkennist af faglegum og ítarlegum lýsingum á jurtum og eiginleikum þeirra ásamt mjög fallegum myndum. Bókin er einstakt uppflettirit sem getur nýst hverjum þeim sem hefur áhuga á íslenskri náttúru í öllum hennar fjölbreytileika – þessi bók á eftir að verða sigilt verk,“ segir Dr. Jan Triebel, sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum og fyrrverandi yfirlæknir á Heilsustofnun NLFÍ í umsögn um bókina.

Anna Rósa lærði grasalækningar í Englandi og hefur starfað við fagið í tvo áratugi. Hún sérhæfir sig í notkun íslenskra lækningsajurta.



**MYNDUM PRÝDD**  
Bókin er prýdd skýrum ljósmyndum svo ekki fari á milli mála hvernig jurtirnar líta út.



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

### Gunnars Ó. P. Egilson.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks og starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða fyrir frábæra aðhlyningu og hjúkrun.

Ása Gunnarsdóttir  
Gunnar H. Egilson  
Helga Egilson  
Nana Egilson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Dagný Helgadóttir  
Stefan Hansen  
Gunnar Kári Magnússon



Eiginmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir og afi,

### Ólafur Oddsson

menntaskólakennari,  
Hjallalandi 1, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans fimmtudaginn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 10. nóvember klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, banka-reikningur: 137-05-68106, kt. 571292-3199 eða í síma 525-4000.

Dóra Ingvadóttir  
Guðrún Pálína Ólafsdóttir  
Helga Guðrún Ólafsdóttir  
Anna Kristín Pétursdóttir  
og barnabörn.

Per Matts Henje  
Jón Freyr Magnússon  
Hjörtur Þór Grjetarsson



Elskuleg móðir okkar, stjúp móðir, tengdamamma, amma og langamma,

### Margrét Jónsdóttir

frá Gjögrí, Strandasýslu,  
áður til heimilis á Kópavogsbraut 12,

lést miðvikudaginn 2. nóvember á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju 11. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.

Porsteinn B. Einarsson  
Hrefna Einarsson  
Hansína Bjarnfríður Einarsson  
Bryndís Einarsson  
Guðrún Agnes Einarsson

Ester Grímsdóttir  
Gylfi Jóhannesson  
Jón Rafn Högnason  
Vigdís Rasten  
Einar Jónsson  
Fríða Björk  
Einarsson  
Stefán Öxndal  
Reynisson

Einarína Einarsson

Gunnar Jens Elí Einarsson  
Pálmi Einarsson

Olga Soffía Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Oddný Anna  
Björnsdóttir  
Brynjar Björn  
Gunnarsson



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Þorsteinn Björnsson

Bergstaðastræti 8, Reykjavík,

sem lést að heimili sínu þriðjudaginn 1. nóvember, verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 9. nóvember kl. 15.00.

Anna V. Heiðdal  
Jón Örn Þorsteinnsson  
Ingvar Björn Þorsteinsson  
Ólafur Gunnar Guðlaugsson  
Daniel Magnús Guðlaugsson  
Ólína S. Þorvaldsdóttir  
Sigríður Júlíusdóttir  
Herdís Finnbogadóttir  
Hafðís Guðmundsdóttir  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, fösturfaðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

### Júlíus Helgi Helgason

frá Súðavík, Sogavegi 172, Reykjavík,

lést á Hrafnistu DAS í Reykjavík föstudaginn 21. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðmundur Júlíusson  
Ágúst Júlíusson  
Ólafur Júlíusson  
Ásthildur Ketilsdóttir  
Sigríður Ketilsdóttir  
Sólveig Róshildur Erlendsdóttir  
afa- og langafabörn.



Ástkær móðir okkar,

### Lilja Heiður Þórarinsdóttir

sem lést 1. nóvember, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 11. nóvember, klukkan 11.00.

Sigríður Elín Þórðardóttir  
Hrafnhildur Þórðardóttir  
Ástríður Þórðardóttir  
Heimir Sigurbjörnsson  
ömmubörn og langömmubörn.  
Ásgeir Björgvin Einarsson  
Björn Þór Sigbjörnsson  
Elísabet Eiríksdóttir



Elskulegur eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Erlendur Björnsson

prentari,  
Hjallaseli 20, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 1. nóvember, verður jarðsönginn frá Seljakirkju, föstudaginn 11. nóvember. kl. 13.00.

Aðalheiður Jónsdóttir  
Laufey Erlendsdóttir  
Björn Erlendsson  
og afabörn.

Björn Vilhelmsson



Eiginmaður minn,  
faðir og tengdafaðir,

### Baldur Jóhannesson

verkfræðingur,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 6. nóvember.

Elínborg Kristjánsdóttir  
Sigrún Baldursdóttir  
Sigurður Baldursson  
Brynjar Baldursson  
Emil Þór Sigurðsson  
Kristín Bernharðsdóttir  
Anna Herdís Eiríksdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,  
tengdasonur, bróðir og mágur,

### Jónas Guðmundsson

frá Norðurgarði, áður til heimilis  
að Ljósheimum 18A,

sem lést á Dvalarheimilinu Mörk þriðjudaginn 1. nóvember, verður jarðsönginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

Sólveig Jóhannsdóttir  
Sigurbjörg Jónsdóttir  
Ragnheiður Eiríksdóttir  
Sigmar Eiríksson  
Pétur Eiríksson  
Sævar Eiríksson  
Valdimar Eiríksson  
Soffía Ellertsdóttir  
Gunnar Haraldsson  
Sigríður Ástmundsdóttir  
Jóna Jónsdóttir  
Inga Finnbogadóttir  
Guðbjörg Hrafnisdóttir  
Tómas Tómasson  
Ásdís Jónsdóttir  
og börn.





**Bætiefni** er best að taka eftir máltíðir. Vítamín eru lífræn efni sem nýtast best þegar þeirra er neytt með mat og steinefnum. Vatnsleysanleg vítamín eins og b- og c- vítamín skiljast fremur hratt út með þvagini og því er gott að taka þau þrisvar yfir daginn.

Heimild: Ný og betri bætiefnabíblía

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

## MEGA GÓÐUR AÐHALDSBOLUR



*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.

Opið á laugardögum 10-14.

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Stærðir : S M L XL XXL  
á kr. 5.850,-

Vertu vinur

Bryndís Ólafsdóttir varð hlutskörpust í keppninni um Sterkustu konu Íslands sem fram fór um helgina.

## Kemur sterk inn á ný



MYND/ÓLÓF SIGURDARDÓTTIR

**B**ryndís Ólafsdóttir átti frábæra endurkomu í keppninni Sterkasta kona Íslands sem fram fór í Hörpu á sunnudaginn. Hún hlaut titilinn fjögur ár í röð frá 1995 til 1998, flutti síðan til Þýskalands þar sem hún nam sjúkráþjálfun. „Það var ekki fyrr en í ágúst í fyrra sem ég fór að æfa að nýju og þá aðallega til að greнна mig enda var ég orðin aðeins of sultuð,“ segir Bryn-

dís glettin. Hún fór að stunda kraftbrennslu eða Power Burn en hún og maður hennar hafa byggt upp aðstöðu í bílskúrnum sínum á Selfossi sem er einnig nýtt til kennslu. „Ég grenntist fljótt og varð óvart sterk í leiðinni,“ segir hún hlæjandi og ákvað síðan í ágúst síðastliðnum að skella sér í keppnina Sterkasta kona Íslands.

Bryndís varð hlutskörpust, Þóra Þorsteinsdóttir, titilhafinn frá 2010,

í öðru sæti og Jóhanna Eyvindsdóttir, titilhafinn frá 2009, í því þriðja.

Bryndís segist vera í betra formi nú en fyrir fimmtán árum. „Ég veit svo miklu meira núna eftir mína reynslu og nám,“ segir Bryndís sem þakkar manni sínum stóran hluta árangursins. „Hann er minn einkaþjálfari,“ segir Bryndís sem æfir í bílskúrnum þrisvar til fjór-

FRAMHALD | 2



## HEILSUNAMMI FYRIR RÖDDINA

islandsk fjallagrös

## GÆÐAFISKUR

## ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



Sölustaðir:

10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnavetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verzlunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskubúðin Freyja, Melabúðin.



Eirberg

NÝTT

## Háls og herðanudd

Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu.

Fjölbreyttir stillingmöguleikar.

Verð: 16.980 kr.



Opið virka daga kl. 9-18 og á laugardögum kl. 11-16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Stuðningsstöngin

## LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lóþjálfa, sjúkráþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gífsloft og mikla lofthæð.

*Vilji*  
vilji.is

...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjameiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.







**Nudd** hefur í gegnum aldirnar verið notað til að vinna á meinum og viðhalda góðri heilsu. Það örvar alla starfsemi líkamans, losar um bólgur og vöðvaspennu. Það örvar blóðrásina og hjálpar til við súrfernisflutning til vöðva og losun úrgangsefna.

Heimild: [www.ljosheimar.is](http://www.ljosheimar.is)



Bryndís varð hlutskörpust, Þóra Þorsteinsdóttir í öðru sæti og Jóhanna Eyvindsdóttir í því þriðja.

## Framhald af forsiðu

um sinnnum í viku klukkan rúmlega sex.

Innt eftir því hvað hafi verið erfiðast svarar Bryndís: „Óþægilegastur var þokaburðurinn, þokinn er svo harður og þrýstir á brjóst-kassann svo erfitt verður að anda. Ég var nú eins og fiskur á þurru landi síðustu tvær ferðirnar,“ segir hún og bætir við að hún hafi náð takmarkinu sem voru sjö ferðir. „Ég var síðust og vissi að þetta dygði mér til sigurs í greininni.“

Hún nefnir einnig drumbalyftuna. „Það er alltaf erfitt að vera undir vigtinni og maður þarf ákveðið hugrekki við að koma henni upp þó manni finnst maður ekki geta það,“ segir hún og er einnig fremur ósátt við þau litlu 150 kíló sem hún tók í hnélyftu. „Ég er að taka alveg upp í 180 kíló en ég er svo stór og stöngin var undir hnéskelinni þannig að það var erfiðara að lyfta henni,“ segir hún og bendir á að stærðin komi stundum að gagni en sé á öðrum stundum til trafala. „En þannig eru aflraunir,“ segir hún glaðleg. [solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)

# Omega-3 og oregano hafa jákvæð áhrif á líðan

Rannsóknir hafa sýnt að ákveðnar fitusýrur og krydd geta haft jákvæð áhrif á andlega líðan. Breyttar matarvenjur Íslendinga og mikil þunglyndislyfjatöku eru því umhugsunarefni.

Áhrif fæðu á hegðun og líðan fólks heitir erindi sem barnalæknirinn Michael Clausen heldur á Fræðadögum heilsugæslunnar á fimmtudag en þar mun hann kynna rannsóknir sem sýna fram á það að ákveðnir fæðubættir hafi áhrif á líðan. Michael hefur lengi stundað rannsóknir á fæðuofnæmi. „Áhrif fæðu á hegðun og líðan fólks er eins konar hliðargrein út frá því,“ segir hann.

Michael segir frumur líkamans hafa utan um sig frumuhimnu sem er búin til úr fitusýrum. „Fitusýrurnar hafa áhrif á starfsemi frumhinnanna, ekki síst í samskiptum við aðrar frumur, þar á meðal í heilanum. Því skiptir máli hvaða fitusýrur eru til staðar í frumuhimnum,“ segir Michael. Hann segir rannsóknir hafa sýnt að ef nóg er af omega-3 fitusýrum nýtir líkaminn þær til að mynda boðefni sem hafa jákvæð áhrif á líðan og nefnir því til stuðnings að þunglyndissjúklingar séu oft með lág omega-3 gildi og sömuleiðis þeir sem svipta sig lífi. Hann segir fitusýrur einnig hafa áhrif á ónæmiskerfið og þar af leiðandi sjúkdóma sem tengjast því eins og astma og ofnæmi. „Omega-3 fitusýrur draga úr bólgumyndun og hafa þar með góð áhrif á ónæm-issjúklinga.“

Hvað kryddin varðar nefnir Michael oregano en sýnt hefur verið fram á að það dregur úr endurupptöku á ákveðnum boðefnum í heilanum og getur þannig stuðlað að betri líðan, en það sama gera þunglyndislyf. „Þetta eru einmitt boðefnin sem hafa með jákvæða hugsun og vellíðan að gera,“ segir Michael.

Hann segir matarvenjur Íslendinga hafa breyst mikið á undan-




Barnalæknirinn Michael Clausen hefur áhyggjur af minnkandi fiskneyslu Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ef nóg er af omega-3 fitusýrum nýtir líkaminn þær til að mynda boðefni sem hafa jákvæð áhrif á líðan.

Oregano dregur úr endurupptöku á ákveðnum boðefnum í heilanum og getur því stuðlað að betri líðan.



förnum árum og að það sé áhyggjuefni. „Fiskneysla hefur minnkað verulega og sömuleiðis taka færri lýsi nú en áður þó að það hafi ef til vill aðeins snúist við eftir mikla umræðu um D-vítamín að undanförunu. Við fáum omega-3 fitusýrur úr sjávarfangi og því hefur hallað verulega á þær en í staðinn höfum við innbyrt meira af omega-6 fitusýrum sem eru ekki jafn hagstæðar ónæmiskerfinu og heilanum. Í ljósi þess að yfir þrjátíu þúsund Íslendingar taka þunglyndislyf

vekur þetta mann til umhugsunar.“

Fræðadagur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verða haldnir á Grand Hótelu á fimmtudag og föstudag. Meðal annarra umfjöllunarefna eru hreyfiseðlar, nýlegar rannsóknir á brjóstgöf, tannheilbrigði barna, nýjar bólusetningar, mæðradauði, heimafæðingar, öldrunarþjónustuna og offitumedeferð. Nánari upplýsingar er að finna á [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is).

vera@frettabladid.is

## VETRARDAGAR

15% AFSLÁTTUR



B|A|S|L|E|R

Skipholti 29b • S. 551 0770



Fallega Jólaskeiðin frá Ernu

Verð 16.500,-

ERNA

Skipholti 3, s.552 0775, [erna.is](http://erna.is)

vísir

Meiri Vísir.

## Heyrðu umskiptin Fáðu heyrnartæki til reynslu



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Tímabantanir 534 9600

Heyrn · Hlíðasmári 11  
201 Kópavogur · heyrn.is

## Næringarrík námskeið!



### Langar þig að læra að búa til ljúffengar næringarsprengjur?

Hjalti Kristinsson og Ólöf Ævarsdóttir, starfsmenn LIFANDI markaðar, verða með sýnikennslu á því hvernig bestu og vinsælustu þeytingar (smoothies) og safar LIFANDI markaðar eru búnir til og gefa öllum að smakka. Kunnátta sem á eftir að nýttast þér vel, enda einfalt og fjöleg!

Tími: 10. nóvember, kl. 18:00-19:30 | Verð: 2.900 kr.  
Staður: Borgartún 24 | Skráning: [namskeid@lifandimarkadur.is](mailto:namskeid@lifandimarkadur.is)



### Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? ...og öll fjölskyldan nýtur góðs af!

Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennir hvernig eigi að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri og á hvaða fæðutegundum sé gott að byrja og hvenær. Hún fer einnig yfir það hvernig eigi að meðhöndla hráefni og búa til holla rétti fyrir börnin og foreldrana.

Tími: 16. og aftur 23. nóvember, kl. 20:00-22:00 | Verð: 3.500 kr.  
Staður: Borgartún 24 | Skráning: [ebba@purebba.com](http://ebba@purebba.com) eða í síma: 775-4004

Nánari upplýsingar um námskeiðin á [lifandimarkadur.is](http://lifandimarkadur.is)



[www.lifandimarkadur.is](http://www.lifandimarkadur.is) | Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg



ÞRIÐJUDAGUR 8. NÓVEMBER 2011

# SKARTGRIPIR

## &ÚR

**Kynningarblað** gull, silfur, plátinum,  
armbandsúr, vasaúr, glæsileiki, fegurð,  
armbönd, hálsmen, hringar.







## HVAÐA KONUNGLEGU DJÁSN ERU DÝRUST?

**Vefsíðan Born Rich** hefur tekið saman lista yfir dýrustu skartgripa kóngafólksins. Þar trónir á toppnum franska drottningin Marie Antoinette (1755-1793) sem átti demantshálsfesti sem nú er metin á 3,7 milljónir punda eða sem samsvarar litlum 676.777.000 krónum. Festin er skreytt fjöldi hvíttra demanta, ásamt tveimur sjaldgæfum gulum sporöskjulaga demöntum og glæsilegum bleikum demanti neðst.

**Pierre Lammier**  
dömuúr  
17.500

*Vandadar*  
jólagjafir

**Handsmíðað silfurmen og lokkar**  
16.500:-

**Handsmíðað silfurmen**  
10.500:-

**Yrsa Reykjavík**  
herraúr 29.500

**ERNA**  
Skipholti 3  
105 RVK.  
S:5520775  
www.erna.is



Ýmsir ættflokkar í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku punta sig með aðferðum sem Vesturlandabúum gætu þótt óhefðbundnar. Þannig strekkja sumir húð í innanverðri neðrivör til að gera hana framstæða.



Konur af Padaung-ættflokknum í Búrma hafa um nokkurt skeið skartað mörgum gylltum hringjum utan um hálsinn.

## Hverjum þykir sinn fugl fagur

Fegurðarskyn er margslungið fyrirbrigði og misjafnt eftir heimsálfum, þjóðum og einstaklingum hvernig fólki finnst flott að punta sig.

Hefð er fyrir því meðal kvenna af Padaung-ættflokknum í Búrma að skarta þungum gylltum hringjum utan um hálsinn. Telpur allt niður í fimm ára aldur byrja á að bera hring að staðaldri og bæta svo hringjum smám saman við næstu árin. Flestir geta hringirnir orðið tuttugu talsins og samhliða fjölgun þeirra lengist hálsinn í allt að 50 sentimetra. Í seinni tíð þykir þessi hefð þó mjög umdeild, sérstaklega í

ljósi þess að ef hringirnir eru fjarlægðir kafna konurnar þar sem barkinn og hálsinn falla saman.

Aðrir ættflokkar nota skart til að stækka eyru, nef og varir. Þannig nota ættflokkar í Suður-Ameríku skart til að teygja á eyrnasneplunum meðan Mursufólkið í Afríku festir við innanverða vör sína leiriska til að teygja á húðinni. Markmiðið er að fá sem stærsta eyrnasnepla eða framstæða neðri vör og er aðgerðin framkvæmd í nokkrum þrepum þar sem stöðugt stærri hlutir eru notaðir.

Heimild: wikipedia.org

# Afsláttur af íslensku skarti

Ný skartgripaverslun hefur tekið til starfa í Lækjargötu 2 í Reykjavík. Það er Leonard sem þar opnaði sína fjórðu verslun. Hinar eru í Kringlunni, Smáralind og á Keflavíkurflugvelli. Boðið verður upp á sérstök vörumerki í Lækjargötunni sem ekki eru í hinum búðunum.

Í tilefni af opnun verslunarinnar bjóðum við 20% afslátt af öllu íslensku skarti í nóvember,“ segir Kolbrún Tóbíasdóttir, verslunarstjóri í nýrri Leonardverslun í Lækjargötu 2 í Reykjavík sem er sú fjórða á landinu. Verslunin er í sögufrægu húsi á horni Lækjargötu og Austurstrætis sem var endurreist eftir bruna fyrir nokkrum árum.

Auk þess að vera með mikið úrval af íslenskum skartgripum mun verslunin í Lækjargötu bjóða upp á vönduð úr. „Við erum að

auka vöruúrvalið hjá okkur,“ segir Kolbrún. „Í dag bjóðum við úr frá Tag Heuer en munum bæta við Breitling, Hublot, IWC og Omega á næstu mánuðum.“

Nokkur töskumerki verða líka einungis í Leonard í Lækjargötu. „Okkur langar að skapa sérstaka stemningu í kringum verslunina og bjóða upp á vörumerki hér sem ekki er boðið upp á í hinum verslunum Leonard,“ segir Kolbrún. „Á vormánuðum er meðal annars von á töskum frá Tory Burch og Michael Kors.“

Í desember mun Leonard, fjórða árið í röð, bjóða upp á styrktarhálsmen í línunni „Flóra Íslands“ frá Leonard. Skartgripurinn er hannaður af Eggerti Péturssyni, listmálara og Sif Jakobs gullsmíð og er seldur til styrktar góðu málefni tengdu börnum. Í fyrra voru það sykursjúk börn sem nutu góðs af sölu á skartgripnum Sóldögg. Fyrir þessum mánuði var fulltrúum frá Dropanum, styrktarfélagi barna með sykursýki, afhentur 1.500.000 króna styrkur sem ágóði af sölu á Sóldögg árið 2010.



„Við erum að auka vöruúrvalið hjá okkur,“ segir Kolbrún Björg Tóbíasdóttir, verslunarstjóri Leonard í Lækjargötu.

MYNDIR/GVA



Verslunin er í sögufrægu húsi á horni Lækjargötu og Austurstrætis sem nýlega var endurreist eftir bruna.





Berglind Snorra gullsmiður hannaði línuna Uppsteyt ásamt Jóni Snorra Sigurðssyni gullsmiði fyrir Jens.

MYND/STEFÁN

## Enn meiri uppsteyt hjá Jens

Gullsmiðirnir Berglind Snorra og Jón Snorri Sigurðsson eru hönnuðirnir að baki skartgripalínunni Uppsteyt. Línan inniheldur grófa og óhefðbundna silfurskartgripir fyrir bæði dömur og herra.

Við kynntum línuna Uppsteyt fyrir jólin 2008, þá í Jens í Kringlunni en nú fæst hún um allt land,“ segir Berglind Snorra, gullsmiður og vöruhönnuður hjá Jens, en hún er höfundurinn að línunni ásamt Jóni Snorra Sigurðssyni gullsmiði.

„Við Jón Snorri höfum unnið mikið saman og þekkjum okkar viðskiptavini og hverju þeir sækjast eftir,“ útskýrir Berglind en línan inniheldur grófa silfurskartgripir fyrir dömur og herra. „Við vinnum mikið með hrjúfa og brennda áferð í bland við slétta fleti og höfum myndað okkar ákveðna stíl. Þessi grófleiki er vel þekktur hérna á Íslandi en sker sig úr erlendis. Við seljum línuna til að mynda í London og Manchester og gengur vel. Hönnun okkar tveggja fer vel saman og oft hef ég hannað hálsmenið og hann eyrnalokkana í setti og það smellpassar saman,“ segir Berglind.

Línan Uppsteyt er breið og inniheldur allt frá litlum og fíngerðum hlutum, upp í stóra og grófa muni. Í henni er að finna nælur, hringa, armbönd og hálsmen en einnig bindisnælur, ermahnappa og plötur um hálsinn fyrir herrana. Allir munirnir eru með rhodiumhúð svo síður fellur á þá. En hvaðan kemur nafnið Uppsteyt?

„Við erum að gera uppsteyt gegn hefðbundinni skartgripasmíði og förum út fyrir rammann. Í línunni

gerum við öðruvísi hluti en fólk er vant,“ segir Berglind og bætir við: „Fólk getur myndað sinn eigin stíl með því að velja saman muni og skapað þannig sinn eigin karakter. Við erum einnig sífellt að bæta við nýjungum í línuna, enn meira uppsteyt,“ segir hún.

Uppsteyt-línan er þó fjarri því að vera það eina sem Jens býður upp á, því fyrirtækið er þekktast fyrir Jens-skartgripalínuna sem eru handsmiðaðir gull og silfur skartgripir með íslenskum steinum. Einnig eru sérsmiðaðar stærri gjafavörur að finna í hillunum.

„Við notum mikið íslenska steina í sérsmiðuðu skartgripina þar sem aðeins eitt eintak er til af hverjum skartgrip. Gjafavörulínan okkar er úr eðalstáli og í henni eru t.d. tertuspaðar, salatáhöld og fleira. Þá muni skreytum við líka oft með íslenskum steinum,“ segir Berglind. „Við erum með verslun í Kringlunni og á síðasta ári opnuðum við nýja verslun og gallerý í Síðumúla 35. Þar bjóðum við einnig aðrar vörur svo sem skúlptúra eftir Jón Snorra, málverk eftir Rúnu Gísladóttur listmálara og glermuni frá Sigrúnu í Bergvík ásamt margs konar hönnunurvöru. Þar er einnig opið inn á verkstæðið svo fólk getur séð okkur vinna og fylgst með hvernig hlutirnir verða til. Það er mikil fjölbreytni hjá Jens og allir ættu að finna sér eitthvað við sitt hæfi,“ segir Berglind.







Frumleg hönnun verslunarinnar hefur vakið mikla athygli og erlendir ferðamenn eru tíðir gestir í Gullsmiðju Óla.



Feðginin Óli Jóhann Daniélsson og Unnur Kristín saman við vinnu sína á verkstæðinu.

# Handverk í gömlu húsi með sál

Gullsmiðja Óla var stofnuð fyrir nær tveimur áratugum og er sannkallað fjölskyldufyrirtæki í miðbæ Reykjavíkur. Hjónin Óli Jóhann Daniélsson og Eygló Sif Steindórsdóttir stofnuðu fyrirtækið og á verkstæðinu smíðar svo dóttir þeirra, Unnur Kristín, skartgripir ásamt föður sínum.

Gullsmiðja Óla var opnuð árið 1993 í Hamraborginni í Kópavogi og átta árum síðar var verslunin færð um set í Smáralindina. Nýja verslunin í Veltusundi er í húsi Einars Ben og er einkar glæsileg og hefur vakið mikla athygli meðal erlendra ferðamanna og Íslendinga.

„Við hjónin störfum í versluninni og svo smíðum við dóttir mín, Unnur Kristín, saman skartgripir á verkstæðinu en hún er nú í meistaranámi í Tækniskólanum í gull-

smíði,“ segir Óli Jóhann Daniélsson.

Bæði sérsmiða þau skartgripir eftir óskum viðskiptavina og hefur svokölluð Silkilína verið aðallína fyrirtækisins en skartgripir þeirra lúna eru afar sérstakir.

„Silkilínan samanstendur af skartgripum sem eru eilítid óreglulegir og í þeim mætist silkimött áferð eðalmálsins og hápóleraðir kantar skartgripsins þannig að þeir minna á íslenska landslagið í andstæðum sínum.“

Auk skartgripagerðar er alhliða viðgerðarþjónusta í gullsmiðjunni auk þess sem nokkuð er um að viðskiptavinir vilji láta vinna upp úr gömlu gulli. Þá er mikið smíðað af klassískum skartgripum úr gulli, silfri, eðalsteinum, demöntum og perlum.

„Það má segja að eftir að Unnur fór að vinna á verkstæðinu höfum við feðginin náð að stilla okkar strengi mjög skemmtilega saman og við veitum hvort öðru innblástur.“



Gullsmiðja Óla er í húsi Einars Ben í Veltusundi.



Vasaúrin þóttu tákn um virðingu karlmansins.

## Færi frekar í pils

„Frekar færi ég í pils en að ganga með armbandsúr“ er haft eftir virðulegum breskum kaupþýslumanni á fyrstu árum tuttugustu aldarinnar, þegar armbandsúrin komu til sögunnar. Þau þóttu kvenleg og alvöru karlmenn héldu áfram að bera vasaúr í stórrí keðju í vestisvasanum. Það viðhorf var þó furðu fljótt að breytast og ástæðuna má rekja til fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Í skotgröfum fyrri heimsstyrjaldarinnar þurftu hermenn að vita hvað tímanum leið en voru ekki í aðstöðu til að leggja frá sér byssurnar og fiska vasaúrið upp úr brjóstvasanum. Þá var hafin framleiðsla á armbandsúrum fyrir hermenn og voru þau kölluð „skotgrafaúr“. Þau voru mun stærri en kvenúrinn og skífan nákvæmlega eins og verið hafði á vasaúrnum, armbandið breitt og úr leðri, svo engin hættu væri á að hægt væri að segja úrin kvenleg.

Hermönnum þótti þetta mikill munur og héldu áfram að nota armbandsúrin eftir að stríðinu lauk. Tískan breiddist hratt út og um 1930 báru 50 karlmenn armbandsúr á móti hverjum einum sem enn hélt í vasaúrið.

# ALLT LAGT Í SÖGURNAR

Sérblað um skáldsögur kemur út þann 15. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ

10  
ÁRA  
FRÉTTABLAÐIÐ

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR  
TÍMANLEGA:

ÍVAR ÖRN HANSEN

S: 512 5429, GSM: 615 4349

ivarorn@365.is



# Lesið og leikið sér í jóga

Auður og gamla tréð er í senn skemmtileg saga og kennslubók í jóga fyrir börn. Eva Rún Þorgeirsdóttir og Stella Sigurgeirsdóttir segja slíkt efni hafa skort og þær hafi ákveðið í barnaafmæli að breyta því.

Þessi hugmynd kom reyndar upp í barnaafmæli,“ segja þær Eva Rún Þorgeirsdóttir jógakennari og Stella Sigurgeirsdóttir myndlistarmaður um tildrög þess að bókina Auður og gamla tréð varð til. Bókin er í senn skemmtileg saga og kennsla í jóga fyrir þriggja til tíu ára börn og er væntanleg frá Sölkú útgáfu á næstu vikum. „Eva fór að tala um þann draum sinn að gera jógabók fyrir börn,“ segir Stella. „Það er algjör skortur á slíku efni svo ég tók hana á orðinu og lofaði að myndskreyta bókina og þá byrjaði boltinn að rúlla.“



Eva Rún Þorgeirsdóttir og Stella Sigurgeirsdóttir hittast í barnaafmæli og ákváðu að skrifa og teikna jógabók fyrir börn.

Textann unnu þær í sameiningu, köstuðu honum á milli sín og þróðu söguna sem Eva Rún hafði verið með í kollinum. „Sagan fjallar fyrst og fremst um vináttu,“ segir Eva Rún. „Svo blandast jógað og jógaæfingarnar inn í. Við unnum þetta allt saman, það var ekki þannig að ég skrifaði sögu og Stella teiknaði myndir, heldur hittumst við og ræddum þetta allt saman í þaula og tókum sameiginlegar ákvarðanir.“ Stella tekur undir það að samstarfið hafi verið farsælt. „Við



vorum svo algjörlega samstíga í sýn okkar á bókina,“ segir hún. Eva Rún hefur verið að kenna börnum jóga síðan í fyrrahaust og segir það ganga ótrúlega vel. „Þetta eru í grunninn alveg sömu æfingar og kenndar eru í fullorðinstímum, en í stað þess að kalla þetta að æfa jóga saman þá langar við að leika okkur í jóga. Ég bý til sögur sem ég segi þeim í tímum og við fléttum æfingarnar

ar inn í þær, alveg á sama hátt og bókin er byggð upp.“ Stella grípur fram í: „Börnin hafa tækifæri til að gera það sama og sögupersónan og gera æfingarnar með henni.“ Í bókinni eru átta jógaæfingar sem brjóta upp söguna, teikningar af stöðu hverrar æfingar og hugmyndin er sú að foreldrar geri hlé á lestrinum og geri æfingarnar með börnum sínum og Auði söguhetju. „Aftast í bókinni er svo smá fróðleikur um jóga, fyrir þau sem langar að kynna sér það betur,“ segir Eva Rún. „Þannig að þetta er ekkert síður spennandi fyrir foreldrana.“

fridrikab@frettabladid.is



**Stelpur Konur**  
Staðurinn - Ræktin

TT námskeið

Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

**Síðustu námskeið fyrir jóla innritun á fullu í síma 5813730**

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

TT-námskeið hefst 20. nóvember

TT tímar í boði:			
6:15	A	mánu-, miðviku- og föstudagar	Örfá pláss laus
7:20	C	mánu-, miðviku- og föstudagar	Laus pláss
10:15	D	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun Örfá pláss laus
14:20	G	mánu-, miðviku- og föstudagar	Örfá pláss laus
16:40	H	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun Örfá pláss laus
17:40	I	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun Laus pláss
18:40	J	mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25	Laus pláss
18:25	TT3	mánudagar kl. 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára)	Laus pláss

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 20. nóvember kl. 16:30

15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



**Stelpur Konur**  
Staðurinn - Ræktin

RopeYoga

**Síðustu námskeið fyrir jóla innritun í síma 581 3730**

Frjálst aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldursþópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 6 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur: Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15, 10:30 og 12:00 / Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30


Frjálst aðgangur að opna kerfinu og tækjasal. Verð kr. 14.900.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



**Stelpur Konur**  
Staðurinn - Ræktin

STOTT PILATES

STOTT PILATES

**Síðustu námskeið fyrir jóla innritun í síma 581 3730**

Frjálst aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:

- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja djúpvöðva í kvið og baki.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.

6 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl. 10:30 - Laus pláss

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:30 - Örfá pláss laus

Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.

Verð kr. 19.900.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



**Stelpur Konur**  
Staðurinn - Ræktin

BM MÓTUN

BM Mótun - Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur

**Síðustu námskeið fyrir jóla innritun í síma 581 3730**

Frjálst aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Í BM Mótun er aðaláhersla lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Upphitun í tækjasal 20 mín., mótun 40 mín. Aðeins 15 í hóp. Hentar öllum aldursflokkum.

6 vikna námskeið - mánudaga og miðvikudaga kl 16:40 - Örfá pláss laus

Þriðjudaga og fimmtudaga kl 9:00 - Örfá pláss laus

Þriðjudaga og fimmtudaga kl 10:30 - Laus pláss. Kennari: Báru Magnúsdóttir.

Verð kr. 19.900.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á [visir.is](http://visir.is)

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

## BÍLAR & FARATÆKI



**ALLT AÐ 100 % LÁN MÖGULEGT**  
TOYOTA COROLLA WAGON. Árgærd 1998, ekinn aðeins 147.þ km,ný tímareim, sjálfskiptur. Verð 590.000.- Rnr.245195.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á [www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)



**ALLT AÐ 100 % LÁN MÖGULEGT**  
SUBARU IMPREZA GL 4WD. Árgærd 2000, ekinn aðeins 139.þ km, 5 girar. Verð 590.000. Rnr.245119.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á [www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð virka daga 10-18  
[www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)

## STÓRA BÍLASALAN




Ford Focus C-Max Árgærd 2006, ekinn 82þ.km, sjálfskiptur. Mjög gott eintak sem er á staðnum til sýnis! Verð 1.490.000kr. Raðnúmer 131926. Sjá nánar á [www.stora.is](http://www.stora.is)

**Stóra bílasalan**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
Myndeftirlit á plani  
<http://www.stora.is>



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjörgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**  
Skeifan 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
<http://www.suzuki.is>



**Parftu að kaupa eða selja bíl?**  
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)



PORSCHE 911 Carrera 4. Árg 1999, ek 100 Þ.KM, sjálfsk, 4x4, Störglæsilegur umboðsbíll með öllum aukahlutum, var sérpantaður nýr, Verð 5.390.000. Rnr.116921. Er á staðnum.

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)



Ford Focus Trend station árgærd 2005, sjálfskiptur, ekinn 130 þús.km., sk.'12, verð kr. 1.360.000.- 100% lánað, 821-6292

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

## Bílar til sölu



Fullkomnara metan kerfi  
**Betra METAN**  
Breyttu þínum bíl  
Sjá sparnað á [islandus.is](http://islandus.is)  
www.islandus.is - Sími 552 2000



Til sölu vw pólo árg 98 5/dyra sjálfskiptur ekinn 158 þúsund neglð vetrardekk nýskoðaður topp bíll verð 375 þúsund gsm 8682352



Til sölu Houndai Santafe beinsk bensín árg 2001 ekinn 142000 þarfnast viðgerðar kúpling léleg verð435þús gsm 8927852



**Tilboð óskast!!!**  
Land Rover-defender árg '84. til sölu. Tilboð óskast í 893 5131



Kia Sportage árg 1999. bensín, sjálfsk. Ek. 126 þ. í góðu standi. Skoðaður 2012 V. 250.000.- er á Hornafirði. Upplýsingar í síma 898-7712



Volvo S40 1999 ek 168 þ.km 5 girar heilsársdekk hraðastillir nýsk 2012 Verð 490 þús uppl 8572696

## 0-250 þús.



**Sparigrís Tilboð 250 þús!**  
HYUNDAI ACCENT árg'98 ek 145 þús,3ja dyra beinskíptur,skoðaður 2012, eyðir litlu! Ásett verð 320 þús Tilboð 250 þús! s.841 8955




**Ódýr sjálfskiptur !!!**  
Peugeot 106 árg '98, ekinn aðeins 104þús, sjálfskiptur, 5 dyra, rafmagn í rúðum, skoðaður 2012, góð vetrardekk, eyðir aðeins 5-6L/100km, mjög gott eintak af bíl, Tilboðsverð aðeins 250þús stgr, s:659-9696



**ný skoðaður og ódýr !!!**  
Hyundai Accent árg. '01, ekinn aðeins 136þús. bsk., 3 dyra, ný skoðaður og í góðu lagi, ásett verð 420þús. Tilboðsverð aðeins 290 þús., uppl í s: 659-9696.

## 250-499 þús.



**Sjálfskiptur !!!**  
Hyundai Sonata 2.0 árg '98, ekinn aðeins 140þús, skoðaður 2012, sjálfskiptur, álfelgur, góður bíll sem að lítur vel út og er gott að keyra, verð: 420þús, Tilboðsverð aðeins 290þús stgr, s:659-9696

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 750 þús!**  
SUBARU LEGACY WAGON 4x4 árgærd 2003 ek.205 þús. sjálfskiptur, ný góð heilsársdekk, cd,skoðaður 2012, hálfleðraður,filmur, lítur vel út, mjög góður bíll ásett verð 950 þús TILBOÐ 750 ÞÚS! s.841 8955




**Sálfskiptur 4x4 TILBOÐ 590 ÞÚS!**  
SUBARU LEGACY 4X4 árgærd 2000 ek.163 þús, sjálfskiptur,skoðaður 2012,góður bíll í topp standi og lýtur vel úti! Ásett verð 690 þús TILBOÐ 590 þús! s.841 8955

## Bílar óskast

**Óska eftir bíl 25-250þús á borðið!**  
Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíl eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

**Bíll óskast á 25-250þús.**  
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Jeppar



**SKOÐA SKIPTI**  
Toyota Land Cruiser 120GX nýsk. 26.06.2004,dísel bíll, ek.138 þúsund,beinskíptur ( eyðir 9-10 litrum innanbæjar)krókur, filmur, sk. 2012, Verð 3.790 þúsáhvíl 2.335 þús, skoða skipti. Uppl S: 693-5053

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibíllastöðin sími 568-5000.



Allt frá umslagi upp í stórlutninga!

## Vörubílar



**Vörubíla og vinnuvéladekk**  
Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050-oksparaes@simnet.is

## Vespur



**Tilboð 14.900 kr.**  
Vorur að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Al-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr. Örfá stk eftir! Qpsinport Laugarvegur 168, s. 567 1040.

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 [www.dslausnir.is](http://www.dslausnir.is)

## Bátar



Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. [www.batarogbunadur.is](http://www.batarogbunadur.is)

## Hjólbarðar



**Dekkjavélar**  
Affelgunar og Ballancevélar. Minnum einnig á varahlutabjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 oksparaes@simnet.is



255/70 R 16 4 stk. undan Pajero. Verð 75 þús. Sími 898 6111

## Continental Conti Winter TS810S vetrard.

255/35 R18 og 255/40 R18 - 2.stk af hvoru. Keyrd ca. 10 þús. selst 4.saman á hálfvirdi kr. 120.000.- Uppl. s. 665 1710

## Varahlutir



486 4499  
486 4477  
[www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)

**Bílapartasala**  
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla [www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 '98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

## VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, VW Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opíð 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.



## Pípulagnir

**Faglerðir Píparar**  
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnabjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.



**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Hreingerningar**

ATH. Get bætt við mig þrifum í heimahúsum er rök og vandvirk uppl. í S. 845-6231 Margrét

**Vy-þrif ehf.**

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**Garðyrkja**

**ÞAD ER BJARTFRAMUNDAN**

Bláseríur til uppsetningar utan dyra. Halðu samband í síma 554-1989 eða www.gardlist.is

**Ahlíða garðþjónusta**

**Garðþjónusta Íslands ehf**

20% afsláttur af hellulögnum, trjáklippingum, trjáfellingum og þökulögnum.

Vönduð vinnubrögð. Róbert S. 866 9767

**Bókhald**

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málara**

**Parf að mála ?**

Málari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 773 0317.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is

**Húsviðhald**

**Topp Verktakar ehf**

Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smíðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

**Steinslípun Kjarnaborun Steinsögum**

**Litli klettur**

Gerum tilboð, hér að kostnaðarlausu

Litliklettur.is - sí: 699-0355

**Nú er rétti tíminn til að skipta um teppi á stigaganginum**

Við komum og mælum gerum tilboð í efni og vinnu að kostnaðarlausu. Fjarlægum gömlu teppin og hreinsum gólf. Erum með þrífur af teppum og veitum faglega ráðgjöf og þjónustu.

**Látið fagmenn vinna verkið**

Fagvinna: **Dúkalist ehf.** Örn Einarsson S. 897 4825

**HAMRABORG ehf**

Pakpappaþjónusta Viðgerðir á PVC dúk Almennar húsviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg@simnet.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Fóst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Tölvur**

**omniS tölvuhjálpi!**

Yfirhaling á tölvu aðeins 2.900 kr.

Ókeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is Sími 588 9590 Vesturvör 32a • Kópavogi 830. Þryggt í Almúla hl. mánaðlagi 1. nóvember

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírusheinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendir afsl. FEB&ÓBÍ Stefán 821 6839.

**Spádómar**

908 1888

Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23).

250 kr. mín.

**Nympha-dora**

Tarot-lesur og Kristalkala með leiðsögn að handan

562 8211

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímabantanir í síma. 891 8727. Stella.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasimar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

**Fljót og góð þjónusta** Sími 893 1733

**Jón Jónsson** Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

**RAFVIKJUN S. 896 6025**  
Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Önnur þjónusta**

**Blekhyllki.is**

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150



**Green-house**

Glæsilegur danskur kvennfatnaður. Tvær flíkur á verði einnar af eldri vöru. Ópið í dag 13-19. Þjóðum einnig upp á heimakynningar. Frekari upplýsingar í s: 7772281/5881258 Green-house Garðabær.

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**

Kringlótt stækkanlegt borð + 4 stólar. Divan, innskotsborð, fatastandur og statí fyrir blómapott. Einnig 2 málverk. Uppl í s. 898 7739

**Ódýr heimilisraftæki** Sími 896 8568.



**ditto.is**

**Framlengjum útöluna** til þriðjud. 8/11. 20-35% afsláttur af völdum vörum. Saltkristslampar í úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Ópið mán-fös 12-18, lau 12-15. S. 517-8060. ditto.is

**Pottarnir**

Fritt læk fylgir keyptum potti út nív.

**PLASTX.is** s.431 5006

**Frystigámar**

Sala & leiga • 20 & 40 ft

Seljum einnig gáma-hús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum.

**Stólpi Gámar ehf** Klattagöllum 5, 104 Reykjavík

568-0100 • www.stolpiehf.is

Parf að losa bílskúr. 29" Thomson sjónvarp, 14" Nordmende sjónvarp, 14" Samsung, 29" Beko sjónvarp svo til ónotað, Thomson heimabíó magnari, vandaður æfingarbekkur með lóðum, bekkur fyrir magaæfingar, bensín-rafmagns Rafall 12v/220v, kamína fyrir sumarbústað, Sharp búðarkassi, fiskabúr með búnaði, skíði og gönguskíði og margt fleira er líka til. S. 892 9803

Til sölu 40 feta gámar með ljósum og tenglum. Staðsettur á Akranesi. Verð 240 þús. án vsk. Uppl. í s. 863 1424

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**


Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. **Jón og Óskar - jonogoskar.is** s. 552-4910.

**Carat - Haukur**

gullsmíður Smáralind - Kaupum gull og silfur Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. **Upplýsingar í s. 577 7740**

**Kaupi gull !**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.  
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin**

**Til bygginga**



**Innihurðir á góðu verði**  
Eigum nýjar hvítar 80 x 200 innihurðir með karmi (20cm breiðir) og gættum á aðeins 24.900 með vsk. 2 stk eldvarnarhurðar úr jámi st. 76X208 m. hurðarpumpu og skrá. Húsgagnsprautun Gjótuhrauni 6 Hafnarfirði Sími 555-3759.

**Bækur**

Til sölu pappírsskurðar hnifur, lítiðnotaður. Tilvalinn fyrir handband eða lítil fyrirtæki. Upplýsingar í síma 8941015

**Verslun**

7 rósir 990 kr.

**Dalía** BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ S. 568 9120

**Líkamsræktartöðvar og íþróttahús ATH!**

Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.



Kápur og jakkar á 30%afslætti. Full búð af nýjum vörum. Verslunin Emília Bláa húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían þrífupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**Fasteignir**

**DOMUSNOVA** Fasteignasala

Turninum 12 hæð • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • domusnova@domusnova.is • www.domusnova.is

**Opið hús á Dunhaga 23 í dag, þriðjudag frá kl 17 - 17.30**



Sverrir Einar S. 661 7000 sverrir@domusnova.is



Sérlega glæsileg 93.9 fm, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í 6 íbúða húsi á mjög eftirsóttum stað í vesturbæ Reykjavíkur.

**Fjárfestar - Gistihúseignendur ATH!**  
Vorur að fá í sölu heila húseign í miðbæ Reykjavíkur alls 488 fm. **Lyklar á skrifstofu!**  
Hringdu núna til að bóka skoðun!  
**Sverrir s. 661 7000**



Axel Axelsson Löggiltur fasteignasali

**Fasteignir**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
www.landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266 | Sigurður Samúelsson Löggiltur fasteignasali Sími 894 2312 | Bergur Steingrímsson Löggiltur fasteignasali Sími 896 6751 | Sveinn Eyland Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820 | Þórarinn Thorarensen Sölufróði Sími 770 0309 | Kristberg Sniðjónsson Sölufróði Sími 892 1931 | Eggert Mariuson Sölufróði Sími 690 1472 | Friðbert Bragason Sölufróði Sími 820 6022

**Við erum Landmark! \***

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjörir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



## Atvinna

## PÍPULAGNINGARMENN

Vantar pípara til vinnu í Noregi. Mikil vinna framundan. Spennandi tækifæri og miklir möguleikar fyrir vana menn. Krafist er minnst 5 ára starfsreynsla. Vinsamlegast sendið ferilskrá, upplýsingar og fyrirspurnir á g.lilja@simnet.is

## VERSLUNARTÆKNI

## Kælivirki

Verslunartækni óskar eftir að ráða til sín kælivirkja.

## Starfssvið:

Umsjón og viðgerðir á frysti- og kælibúnaði.

## Menntun og hæfniskröfur:

Vélstjóramenntun, vélvirki, rafvirki eða sjálfmenntaður.  
Hæfni í mannlegum samskiptum.  
Heiðarleiki, stundvísir og reglusemi.

Vinsamlega sendið allar upplýsingar á:  
stefan@verslun.is



VERSLUNARTÆKNI  
Drághóli 4 - 110 Reykjavík  
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Síðan hæfnisbúnaðar  
www.verslun.is

Sími: 535 1300

## Tilkynningar



## Vitni óskast!

Upplýsingar óskast frá mögulegum vitnum að bifhjólaslysi á Snorrabraut í júní 2009, þar sem bifhjól og ökumaður þess féllu á hliðina.

Vinsamlegast sendið póst á arekstur@arekstur.is



## MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2012

Innritun í dagskóla lýkur 22. nóvember nk. Einstakir skólar kunna að bjóða upp á lengra innritunartímabil og eru upplýsingar um það á vefsíðu viðkomandi skóla. Rafrænt umsóknareyðublað og nauðsynlegar upplýsingar um innritunina má nálgast á menntagatt.is. Þar eru einnig upplýsingar um nám í framhaldsskólum og námsframboð.

## Umsækjendur um nám í dagskóla

Umsækjendur sem ekki hafa veflykil tiltækan geta sótt hann á menntagatt.is. Þegar umsækjendur hafa fengið veflykil opnast þeim aðgangur að innrituninni. Nenum sem koma erlendis frá er bent á að setja sig í samband við þá skóla sem þeir hafa áhuga á að sækja um.

## Umsóknir um nám í kvöldskóla og fjarnám

Innritun í kvöldskóla, fjarnám og annað en nám í dagskóla fer fram í þeim framhaldsskólum sem hafa það í boði. Skólarnir auglýsa umsóknarfrest sjálfir og leggja til umsóknareyðublað. Umsækjendum er bent á að snúa sér til viðkomandi skóla. Upplýsingar um framhaldsskólana má finna á menntagatt.is

Allar nánari upplýsingar um innritun á vorönn 2012 eru veittar í framhaldsskólunum. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið innritun@menntagatt.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

## Gott nudd - 105 Rvk/Hlíðar

Bið upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Kem einnig í heimahús. Ópið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

## Þjónusta



## Reykstopp með árangri s:694 5494

Viðar Aðalsteinsson dáleislufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Snyrting



## TANTRA NUDD

Snyrting heilar líkaman og sál. Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konu og karla. Nálægt Foldatorg. Tímáþöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta

## Leiguumsjón láttu okkur sjá um fasteignina þína.

Gerð leigusamninga.  
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.  
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.  
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.  
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.  
Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440

## NUDD - FÓTAADGERÐIR - DETOX

Tilboð fótaadgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bættiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Fallegur hornsófi úr Eco dekor til sölu á hálfviri. Ljós drapplitur, þægilegur og hægt að breyta í svefnsofa. Nánari upplýsingar á gerdajons@gmail.com

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

## GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

www.hotel105.com  
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR  
sími 896 4661

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Herbergi með bað, þvottavél, internet til leigu í Álfamýri, 108 Rvk. Uppl. í s.6968068

Þægileg skólaherbergi til leigu, strætóferðir í allar áttir, allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618.

## Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is  
1-2 manna herb.og stúdíó  
Funahöfða 17a -19 Rvk og  
Dalshraun 13 Hfj M/ baði.  
eldh., þurrkara og þvottavél.  
824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Ca 10 Fm Room for rent in Miklubraut,105 Rvk-Available now! Rent is 40.000,i want 3 months in advance.Access to toilet,shower and washing machine. 867-3051,Birgitta

## Húsnæði óskast

Róleg og reglusöm fjölskylda óskar eftir 3-4 herbergja íbúð í vesturbæ rvk. Skilvísun greiðslum heitið. vestur80@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

## Geymsluhúsnæðið

Auðnum II, 190 Vogar. Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

## www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

## www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

## Gisting

Barcelona, Exsample. 60 evrur nóttin fyrir tvær persónur. 80 evrur 4 persónur. 100 evrur 5 persónur. www.starplus.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

## Tælenskur veitingastaður í RVK

Starfsfólk óskast í afgreiðslu og eldhús. Uppl. s. 864 8338 Sigurður

## Vitaborgari - Vitabar

Vantar starfsfólk á Vitaborgarann og Vitabar í kvöld og helgarvinnu. Umsóknir sendist á vitabar@internet.is

Með upplýsingum s.s reynslu, meðmælendum, síma o.s.v.frv.



## Kvöld- og helgarvinna

Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 gaman@simstodin.is



Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu frá 13-18:30 og einnig um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublað á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

## Hársnyrtifólk

Stóll til leigu á hársnyrtistofu í 111 Reykjavík. Góð stofa á frábærum stað nánari upplýsingar í síma 861 1111 eftir kl. 18.00

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun á næturnar Starfsmaður þarf að vera 20 ára stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is

SUSHISAMBA veitingastaður opnar í Þingoltsstræti 5 síðar í þessum mánuði. Óskum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í kvöld- og helgarvinnu. Áhugasamir senda ferilskrá á gunnsteinn@sushisamba.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

MyPurpleRabbit.com  
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Ráðgjafi

## Motus óskar eftir að ráða ráðgjafa á Fyrirtækjasvið.

Í starfinu felst ráðgefandi sala á þjónustulausnum Motus, samskipti við viðskiptavini, greining og ráðgjöf varðandi meðferð viðskiptakrafna auk tilboðs- og samningagerðar.

Viðkomandi þarf að búa yfir söluhæfileikum, frumkvæði, jákvæðni og drifkrafti.

Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu. Krafa er gerð um reynslu af sambærilegum störfum.

Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg gráða er kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannstjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2011. Ráðið verður í starfið eins fljótt og kostur er.

Motus er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services). Hjá Motus starfa 130 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Motus aðstoðar viðskiptavini sína við að bæta fjárfreymsi sitt og langtímaafkomu. Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia sem er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar í Evrópu.



# FINLUX

# SJÓNVARPS TILBOÐ



*Gæði á góðu verði*

### Finlux 42FLHX905HU

42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a. 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ** ▶ **119.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



Einnig til með DVD spilara á 59.990

### Finlux 22FLX850UD

22" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ** ▶ **54.990**

FULLT VERÐ kr. 64.990



Einnig til með DVD spilara á 79.990

### Finlux 26FLX905HU

26" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**VERÐ** ▶ **69.990**

FRÁBÆRT VERÐ




### Finlux 26FLX910LHU

26" ÖRPUNNT LED SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**VERÐ** ▶ **79.990**

FRÁBÆRT VERÐ



### Finlux 32FLX905HU

32" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB Margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

**VERÐ** ▶ **79.990**

FRÁBÆRT VERÐ



### Finlux 32FLHX905HU

32" FULL HD LCD SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

**VERÐ** ▶ **89.990**

FRÁBÆRT VERÐ



### Finlux 37FLX850UD

37" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

**TILBOÐ** ▶ **109.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



# Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. klettahyrna, 6. frá, 8. saur, 9. farvegur, 11. tveir eins, 12. bit, 14. enn lengur, 16. pot, 17. þjálfar, 18. óðagot, 20. pfn., 21. traðkaði.

## LÓÐRÉTT

1. þungi, 3. innan, 4. peningar, 5. svelg, 7. fáskiptinn, 10. dorma, 13. útsæði, 15. massi, 16. margsinnis, 19. eldsneyti.

## LAUSN

magn, 17. oft, 19. mó.  
LÖBTRÉTT: 1. farg, 3. út, 4. lausafé, 5. ídu, 7. fáláfur, 10. sef, 13. fræ, 15. æfa, 18. fúm, 20. ég, 21. tróð.  
LÁRÉTT: 2. múll, 6. af, 8. tað, 9. rás, 11. un, 12. gíefs, 14. áfram, 16. of, 17.

## Öfgar eru nauðsynlegar

BAKPANKAR  
Kolbeins  
Óttarssonar  
Proppé

Ákveðin lenska er í opinberri umræðu að átala niður til fólks sem ber svo sterkar skoðanir til ákveðins málstaðar að það gæti, samkvæmt hefðbundinni orðræðu, hve skynsamleg sem hún er, kallast öfgar. Að grípa til þeirrar skilgreiningar að um öfgar sé að ræða virðist með öðrum orðum oft nóg til að gera lítið úr málflutningi þeim sem gagnrýndur er hverju sinni.

UPP er komin umræða um baráttuaðferðir feminista sem ekki hugnast öllum. Annað væri nú; sama hvað fólki finnst um réttmæti boðskaparins er verið að boða býsna róttæka breytingu á samfélaginu. Sem er gott. Samfélög eiga reglulega að taka snarpar beygjur og jafnvel stökkbreytast.

MARGIR hafa orðið til að gagnrýna málflutning ákveðinn feminista, sagt hann einkennast af of miklum alhæfingum og öfgum til að verða fjöldahreyfing. Vel má svo vera. Það að líka ekki aðferðirnar er hins vegar ekki á nokkurn hátt ástæða til þess að styðja ekki málstaðinn. Þetta á við um þá sem gagnrýna baráttuna fyrir jafnrétti, gegn auðsöfnun, fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju og ýmsu fleiru. Brattar yfirlýsingar sem koma við kaunin á fólki, tjöld á Austurvelli, langar greinar um baráttumál sín;

fólki má finnst hvað sem er um aðferðirnar en styðji það málstaðinn á það að yppa öxlum og leggja sitt af mörkum á sinn hátt.

ÞAD að öfgar séu til í samfélaginu ætti að vera merki um heilbrigðan jarðveg fyrir skoðanaskipti. Og það á líka við um neikvæðar öfgar. Við getum haft áhyggjur af því að þjóðernisrembingur sé að verða af áberandi, að rasismi sé að skjóta upp sínum ljóta kolli og að alls kyns fordómar séu að verða plagsiður. Gegn slíku berjumst við með rökum og öfgum ef okkur þykir það betra.

EN að rífast um skilgreiningar á hugtökum, hvort það að hugnast ekki þetta þýði að menn séu feministar en ekki jafnréttissinnar, hvort það að vera feministi þýði þetta eða hitt, hvort þessi baráttuaðferðin sé líklegri til árangurs en hin; það er afskaplega ófrjó umræða. Vissulega er ekkert að því að menn stundi slíka umræðu, telji þeir hana nauðsynlega. Okkar er valið.

